

Haga, 26. febrúar 2007

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Arnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn.

Athugasemd við auglýstar breytingar á aðalskipulagari Skeiða- og Gnúpverjahrepps
2004-2016

Eldri borgarar þessarar sveitar hafa lýst eindreginni andstöðu við þær virkjanir og náttúruspjöll
sem Landsvirkjun vill gera við Þjórsá.

Ég minni sveitarstjórnina á samstöðu gamla fólksins í hreppnum gegn þessum framkvæmdum
og ítreka óskir okkar um að sveitin okkar fái að vera í friði fyrir eyðileggingunni.

Þeir sem eldri eru hafa ekki viljað spilla möguleikum yngra fólksins, sem tekið hafa við
búskap, á að ákveða það sem þeim þykir réttast fyrir sig. Annars hefðum við mótmælt
hástöfum allt frá fyrstu tíð. Nú er komið í ljós að margt yngra fólk er okkur sammála. Við
gamla fólkvið virðumst vera meira í takt við tímann en ráðamenn í þessu sveitarfélagi og
ráðamenn hjá Landsvirkjun. Trúlega er hjótum við þar langrar lífsreynslu.

Við sveitarstjórnina geri ég þá athugasemd að hún hætti við skipulagið og leyfi virkjanirnar
ekki, eða að hún vinni skipulagið upp á nýtt, og hafi í huga hagsmunum fólks en ekki
fyrirtækisins Landsvirkjunar.

Í Haga var úthlutað sumarbústaðalóðum til dætranna sem fluttar voru úr sveitinni og þar hafa
þær komið sér fyrir í fögru umhverfi ásamt fjölskyldum sínum. Sem áldursforseti í Haga lýsi ég
áhyggjum yfir þeirri atögu sem nú er gerð af opinberum aðilum á marga ættliði
Hagafjölskyldunnar. Tilboð um fébætur, langdregið samningabóf við sumu, meðan aðrir
standa utan við, reynir á fjölskylduna. Menn virðast eiga mismikinn rétt. Má þar nefna
Árnesfundinn þar sem fulltrúar Landsvirkjunar og oddvitinn töldu sumarbústaðeigendur ekki
með. Ég óska þess hér með að sveitarstjórn gefi öllum meðlimum Hagafjölskyldunnar og
vinum þeirra sem eiga sumarbústað í Hagalandi, tækifæri til að koma á framfæri skoðunum
sínum.
Litið um öxl í heila öld.

Ég vaknaði klukkan sex annan mánudag ágústmánaðar. Alheiðirkt var og blæjalogn, aðeins
þokuband neðst á austurfjöllum, en Hekla, Tindfjallajökull og Eyjafjallajökull böðuð í
morgunsólinni. Þjólfell, Selsundsfall, Þríhyrningur og Þjórsá nutu sólarinnar, en Hagafjall
skyggði enn á sólina, svo að bærinn og túnin voru í skugga. Fljótlega komst sólin upp fyrir
fjallsbrúnina. Fegðurðin varð algjör. Þjórsá sem oft er skollituð af jökulframburði sýndist blá.
Sker, skógarhólmur og Hagaey blöstu við mér úr suðurglugganum. Ég var með sjónauka og
sá fuglana lyfta sér til flugs upp á túnin. "kvikar allt af kæti, kringum gamla bæinn. Líf og
gleðilæti langan sumardaginn."

Mér varð hugsað til Landsvirkjunar sem ef til vill sekkur svo túnum í Haga, á þessari fallettu
landnámsjörð, að ekki verður búandi hér lengur - og engin situr við glugga og dáist að
þegurðinni, eða nýtur góðs af gæðum jarðarinnar. Það er mikið vald sem fáeinir
gróðahyggjumenn taka sér.

Nú er það orðin tíska að fara í gönguferðir, misjafnlega langar. Það væri góður göngutúr og
fróðlegur að ganga frá Búða upp að Haga og sjá allar þær náttúruperlur sem eru í ánni og á
þeirri leið. Þegar komið er uppundir Þjórsárholt er vað á ánni sem heitir Nautavað. Það er ekki
gott vað, en Þjórsárholtsbóndinn fer margar ferðir yfir. Lengi var lögferja á móts við bæinn.,

Áfram er gengið upp með ánni og nokkuð fyrir ofan holtið er klettaeyja í ánni, að nokkru skógi vaxin. Eigendurnir hafa plantað þar ýmsum tegundum en vandróið er út í eyna. Þegar komið er upp á hæðina fyrir ofan og austan. Ninna Núp, opnast Þjórsárdalurinn fyrir augum vegfarenda. Í fögru veðri er það stórbrotin sýn. Öll austurfjöllin blasa við. Skógi vaxinn hólmir er þarna í ánni, sem heitir Viðey, en er oftast nefndur Minna Núpshólmi. Hekla og Búfell sýnast ótrúlega nærri, en Hagafjall er næst, með grasi grónum brekkum. Fyrir ofan bæinn í Haga, þar sem túnin breiða úr sér niður að ánni., Fyrir vestan Haga eru fjórir sumarbústaðir fram í grasi grónum ásum, sem nú eru að klæðast skógi með hjálp eigenda. Útsýni frá þeim er ægifagurt, sker og skógi vaxnir hólmir. Tveir stakir klettir sem heita Gálgaklettir. Ekki kann ég þeirra sögu. Beint fram af bústöðunum er Hagaheyja 25 hektarar að stærð, öll gróin með fjölbreytilegum gróðri og fuglalífi. Þessu öllu á að sökkva ef svo fer sem horfir. Þrjú býli er í Haga. Hagi II er vestastur. Þar er svína og kindabú. Sá bóndi á ekki land að Þjórsá svo fjárhagstjón hefur hann ekki af virkjuninni. Hagi I er kúabú. Þar eru rúmlega 100 nautgripir, þar af 50 mjólkandi kýr. Þar er búið að rækta allt ræktanlegt land, fjallið og áin takmarka það. Þriðja býlið heitir Melhagi og er nær ánni, Bóndinn stundar bifreiðaakstur og hefur allgöða atvinnu af malarakstri. Mölina færir Þjórsá að landi og er það afar góð steypumöl og góð í ofanburð í vegi og plón. Þetta hyrfti í lónið. Fram með ánni eru margir hraunhólar sem ekki er hægt að gera að túnum. Þar hefur Melhagabóndinn plantað þúsundum trjáa sem hyrfu, eins og þau tún sem ræktuð voru upp úr sandinum. Í Hagaey hefur einnig verið plantað skógi. Ekki þarf að spyrja um hann ef eygni verður sökk.

Ég á bókina "Hjá fólkinu í landinu" eftir Kristján Eldjárn fornleifafræðing og forseta. Hann vígði Búrfellsvirkjun. Þá skorti rafmagn í landinu og hann lýsir ánægju sinni yfir þeim virkjunum sem komnar eru og snyrtimennskunni í kringum þær. En á nokkrum stöðum í bókinni minnir hann á að þess sé gætt að spilla náttúrunni sem minnst. Svo segir hann: "Mörg þjóðfélög horfast nú í augu við hryllilegar afleiðingar þess að hafa blóðmjólkað náttúrulegar auðlindir sínar. Það væri fávíslegt að þykjast ekki sjá hvað höndin skrifar á vegginn".

Löngu áður en bændur fengu rafmagn frá því opinbera voru þeir margir búnir að virkja bæjarlækinn, eða smáarsprænur, eða vindinn., Viðá voru vindmyllur. Nú eru þeir aftur farnir að virkja sjálfir, vegna þess að rafmagnið er að verða dýrara og dýrara.

Þegar fjármálaráðherra leggur fram fjárlagafrumvarpið flýtur venjulega úr kassanum. Þó stórvantar fé til aldraðra, skólamála og heilbrigðisþjónustunnar. Á Selfossi stendur hálfgerð viðbygging við sjúkrahús Suðurlands og hefur staðið lengi, þrátt fyrir brýna þörf. Ég sá um daginn í blöðunum lista yfir nokkra hæstlaunuðustu menn þjóðarinnar, þar á meðal forstjóra Landsvirkjunar. Mér datt í hug Bárður á Búrfelli í "Manni og konu" Var að þakka fyrir mat. Skilaðu til maddömunnar þakklæti og að ég hafi fengið sæmilega nóg" En þetta geta menn nú alls ekki sagt, því á Íslandi er til sár fátækt og langt frá að menn fái sæmilega nóg. Það hefur lifir enginn á ellillífeyrinum einum saman. Sem betur fer eiga margir eitthvað í pokahorninu. En því miður ekki allir. Alltaf er verið að flytja inn erlent vinnuafí. Hvers vegna? Og jafnvel verksmiðjur með öllu tilheyrandi af því hér er svo ódýrt rafmagn. Ef allar álverksmiðjurnar rísa sem eru í áætlun hjá ríkisstjórninni hvar verðum við þá? Er ekki mál að linni?

"Litla þjóð sem átt í vök að verjast.

Vertu ei við sjálfa þig að berjast.

En stattu saman heil
um heilög mál"

Jón Magnússon.

Að lokum vil ég hvetja sveitarstjórnina til að kynna sér betur öll sjónarmið og horfa bæði til haka fram í tímann og fortíðar áður en hún leyfir sér að taka ákvörðun í jafn afdrifaríku máli, þar sem aldrei verður aftur snúið.

Jóhanna Jóhannsdóttir, Haga í Gnúpverjahreppi.

Jóhanna Jóhannsdóttir 1311142819
Haga Þjórsár dal

PS. Davíð Hjálmar Haraldsson veltir fyrir sér framkvæmdum fyrir austan, það má líka gera hér:

Lítið fyrir land mitt leggst því börnin erfa
firna stóran forarpytt en fjallatindar hverfa
Bleikir strá og blómahnoss
brúngrátt stíflulónið
þakinn auri þegir foss
þannig verður Frónið.

Norn ég sá á norðurleið
í nístings kuldabáli.
kústi sínum kerla reið
með kjaftamél úr áli.
Frá Húnaflóa að Húsavík
hímir byggð í fjötrum
og fjallkonan sem liðið lík
í leigðum álverstötrum.

Pétur

From: Hjördís Hákonardóttir [hbha@simnet.is]
Sent: 1. mars 2007 15:19
To: petur@sudurland.is
Subject: Athugasemd vegna skipulags

Efni: Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna virkjana í Neðri-Þjórsá, Hvamms- og Holtavirkjanir.

Undirrituð er eigandi Traustholtshólma í Þjórsá í Gaulverjabæjarhreppi. Virkjanir sem þegar hafa verið byggðar í Þjórsá hafa haft áhrif á rennsli árinna. Landbrot hefur aukist mjög á eigninni Traustholtshólma og eru líkur fyrir því að breytt rennsli Þjórsár hafi haft þar áhrif. Laxveiðihlunnindi fylgja eigninni. Líklegt má telja að frekari virkjanir muni hafa enn meiri áhrif á þessa eign, hver þau kunna að verða hefur ekki verið rannsakað svo undirritaðri sé kunnugt um og eiganda hafa ekki verið kynntar framkvæmdir og hugsanleg áhrif þeirra. Kann það að vera vegna þess að eignin er í Gaulverjabæjarhreppi en ekki í þeim hreppum þar sem virkja á, engu að síður má ætla að allar breytingar á rennsli árinna og framburði muni hafa áhrif á þessa eign og hugsanlega þau veiðihlunnindi sem henni fylgja.

Framangreindu er hér með komið á framfæri til athugunar.

Með vinsemi,

Hjördís Hákonardóttir
kt. 280844-3819
Vesturvallagata 5
Reykjavík



Reykjavík 18. febrúar 2007

Hr. Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
Laugarvatni

Í tilefni auglýsingar um skipulagsmál í uppsveitum Árnassýslu vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í neðri hluta Þjórsár frá 29. des 2006.

Landeigendur jarðanna Ásólfstaðir 1 og 2 áskilja sér fullan rétt til þess að verja hagsmuni jarðanna Ásólfstaðir 1 og 2 í tilefni af fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum í neðri hluta Þjórsár hvað varðar röskun á landgæðum jarðanna vegna framkvæmdanna.

Krafist er að allri röskun verði haldið í algjöru lágmarki og skilið við lífríkið í ánni og landið sjálft í eins góðu ástandi og nokkur kostur er eða betra og að eðlilegar bætur að mati landeigenda komi fyrir alla röskun hvort heldur er á lífríki árinna, svo sem vegna veiði (silungur og stórlax), eða vegna breytinga á landi og eða farvegi Sandár.

Jafnframt krefjast landeigendur þess að samið verði við þá um tilhögun framkvæmda á jörðinni, hugsanlegt malarnám, staðsetningu þess, vegagerð, sem fylgir framkvæmdum, um farveg Sandár að loknum framkvæmdum, um mótvægisaðgerðir vegna framkvæmdanna og að sjálfsögðu um bætur vegna þeirra og verð fyrir malarnám, sem miðar við magn og gæði námunnar.

Nokkur atriði, sem landeigendur vilja halda til haga í þessu samhengi.

1. Á síðustu árum hefur land á Sandáreyrum tekið stakkaskiptum og er nú að verða fullgróið og skógi vaxið. Verðmæti landsins hefur því vaxið verulega og er nú vel fallið til fjölbreytilegra nota. Mikilvægt er að námuvinnsla raski þessu landi ekki og að tryggt verði að Sandá geti ekki gengið á þetta land að afloknum framkvæmdum.

Ljóst er að vegna staðsetningar námunnar mun land hverfa undir vatn við námuvinnsluna og því nauðsynlegt að huga að mótvægisaðgerðum. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja að rennsli Sandár verði í tryggu farvegi í framtíðinni, sem næst hraunjaðrinum. Nota má vegagerð vegna framkvæmdanna til að ná þessu markmiði.

Einnig er mikilvægt að búa þannig um hnútana að Sandá byggi frekar upp landið á nýjan leik á komandi áratugum.

Unnt er að skipuleggja námuna þannig að hún verði nothæfur veiðistaður ef lífríkið lifir framkvæmdirnar af.

2. Á síðustu árum hefur komið í ljós að mjög aukin fiskgengd er í Þjórsá fyrir landi jarðanna. Hafa veiðst m.a. stórlaxar við Sandá allt að 15.5 pund. Einnig mjög stór silungur, sem menn telja vera af svokölluðum ísaldarstofni, einnig minni silungur. Landeigendur hafa af því miklar áhyggjur að virkjanir muni hafa slæm áhrif á þessa fiskistofna og er skemmst að minnast umræðu um aðdrif stóra Þingvallaurriðans í því samhengi.

Ef fram koma önnur atriði á síðari stigum áskilja landeigendur sér fullan mótmælarétt og samningsrétt vegna þeirra.

Með bestu kveðjum
Fyrir hönd jarðanna Ásólfstaðir 1 og Ásólfstaðir 2 (Skallakot HF 691193-2099)

Sigurður Páll Ásólfsson
Ásólfstöðum 1a



801 Selfsal

141048-3769

Fyrir hönd stjórnar Skallakots HF.
Eiríkur Þorgeirsson formaður

Tímabriggi 1
845 Flúðir

240727-789

Svanborg R Jónsdóttir
Stóra-Núpi í Skeiða og Gnúpverjahreppi
801 Selfoss

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Stóra-Núpi, 24.02.2007

Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi:

**Virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun,
Skeiða og Gnúpverjahreppi.**

Sbr. auglýsingu um skipulagsmál í uppsveitum Árnessýslu, dags. 29.12.2006.

Ég undirrituð, einn af eigendum og ábúendum jarðarinnar á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi og rekstraraðili Gistingar á Stóra-Núpi geri hér með athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi er varðar Hvamms-og Holtavirkjun í Þjórsá.

Sértækar athugasemdir sem lúta sérstaklega að hagsmunum mínum og fjölskyldu minnar:

1. Í greinargerð og umhverfisskýrslu sem fylgir auglýsingunni segir svo: "Í landi Minna-Núps, skammt neðan við stífluna, minnkar rennsli Þjórsár verulega, einkum að vetrinum. Megináhrif á frístundabyggð verða af sjónrænum toga." Hér virðast sjónrænu áhrifin fremur léttvæg fundin og eru auk þess ekki einungis áhrif sem íbúar frístundabyggðar munu finna fyrir heldur einnig ferðamenn innlendir og erlendir sem hafa á liðnum árum gengið meðfram ánni. Augljóst má vera að svartur uppþurrkaður árfarvegur mun ekki verða til að auka aðdráttarafi svæðisins fyrir ferðamenn sem gista hér á Stóra-Núpi og vilja hafa afþreyingu sem við höfum hingað til auglýst sem tengda útivist og nánum samskiptum við náttúruna.

2. Ég mótmæli því að með áhrifum af sjónrænum toga sé allt upp talið. Úr þurrum farveginum mun verða sandfok og uppblástur. Í ofanefndri greinargerð og umhverfisskýrslu er getið um skilyrði Skipulagsstofnunar frá 19.08.2003 að *“Framkvæmdaraðili fyrirbyggi fok á sand- og aurasvæðum sem þorna við framkvæmdirnar með aðgerðum í samráði við Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun”*. Síðar í greinargerðinni segir svo: *“Til mótvægis við minnkað rennsli verður þurr hluti farvegjar Þjórsár græddur upp.”* Þetta er ekki útskýrt nánar. Samkvæmt upplýsingum sem Landsvirkjun hefur gefið, er þetta ekki kostur þar sem öðru hvoru yrði vatni hleypt niður farveginn. Nefnt var að til greina gæti komið að gera heldur lægri stíflu neðar í farveginum þannig að farvegurinn fylltist. Hæðarmunur á þessu svæði er of mikill til að þetta sé raunhæft.
3. Ég mótmæli því að eitt af þeim náttúruundrum sem erlendir ferðamenn hafa dásamað, hljóðin frá ánni sem heyrast í ákveðnum vindáttum mun hverfa með fyrirhuguðum virkjunum. Í einni af kynningum Landsvirkjunar var haft á orði að með virkjununum myndi draga úr þeirri hljóðmengun sem áin myndar. Þetta eru því öfugmæli með tilliti til ferðamennsku og þeirra náttúruferðamanna sem við Íslendingar auglýsum land okkar með. Við lítum ekki á norðurljósin sem ljósmengun heldur sem náttúruundur sem ber að njóta, það sama á við um árníðinn.
4. Mikill skaði er ef náttúruperlur árinna, Hagaey, Minna-Núpshólmi, Ölmóðsey, Ferjustaður, Árnes og fossarnir, Búðafoss, Hestsfoss og Urriðafoss verða eyðlagðar. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og ómetanlegt gildi fyrir svæðið sem ferðamannaparadís.
5. Með fyrirhuguðum virkjunum er sködduð sú óspillta náttúrumynd sem laðar útlendinga til landsins og við höfum afkomu okkar að hluta til af með rekstri Gistingar á Stóra-Núpi. Einnig mun slíkt skref takmarka frekari stækkun gistirekstrar okkar, sem byggt hefur á umhverfisstefnu sem styður náttúruvernd og sjálfbæra þróun.

Almennar athugasemdir:

Verðmæti sem felast í óspilltu umhverfi og fagurri náttúru aukast, með hverju árinu sem líður. Eftir því sem ósnortnum svæðum fækkar í heiminum verða þau svæði sem eru náttúruleg meira virði. OECD (Efnahags og framfarastofnun Evrópu) hefur gert athugasemdir við verklag Íslendinga að taka ekki verðgildi náttúrunnar inn í

arðsemisútreikninga virkjunarframkvæmda og gera kostnaðar/ábatagreiningu eins og gert er í öðrum löndum. Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Okkur ber skylda til að varðveita óspillt land og náttúru fyrir komandi kynslóðir. Núlifandi kynslóð hefur heldur ekki rétt til að nota alla nýtanlega orku heldur er skylda okkar að skilja eitthvað eftir fyrir afkomendur okkar.

Í Blaðinu 13.02.2007 er haft eftir Gunnari Erni Marteinsyni, oddvita Skeiða og Gnúpverjahrepps að meirihluti fundarmanna hafi verið aðkomufólk á fjölmönnum mótnælafundi gegn virkjunum í neðri hluta Þjórsár sem haldinn var í Árnesi 11.02.2007. Hvort sem það er rétt eða ekki, rýrir það síður en svo mikilvægi fundarins. Virkjanir í Þjórsá eru ekki einkamál þeirra sem eiga land að ánni frekar en að stækkun álversins í Straumsvík er ekki einkamál Hafnfirðinga. Framkvæmdir snertir hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara okkar sem búum hérna á svæðinu. Hún snertir einning komandi kynslóðir, því með vanhugsuðum aðgerðum erum við að binda hendur þeirra og rýra möguleika þeirra til lífsgæða.

Að framansögðu krefst ég þess að sveitarstjórn falli frá auglýstum breytingum á aðalskipulagi Skeiða og Gnúpverjahrepps og heimili ekki þær virkjunarframkvæmdir sem þar eru fyrirhugaðar.

Virðingarfyllst,



Svanborg Rannveig Jónsdóttir

Stóra-Núpi

Í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

801 Selfosvi

070253-4459

NSS

natturuvernd@sudurland.is

28. febrúar 2007.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu
28. feb. 2007
Móttekið

**Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi
Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.**

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) eru frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Félagsmenn eru nú um 90 talsins. Í lögum samtakanna segir m.a. "Markmið samtakanna er að gæta hagsmuna náttúrunnar; m.a. með því; Að stuðla að verndun náttúrulegs umhverfis, landslags, loftslags, jarðmyndana, vatns, sjávar og lífríkis, dýra og plantna og fjölgun verndaðra og friðaðra svæða á Suðurlandi með það að markmiði að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika, landslag og náttúrufarsleg sérkenni svæðisins".

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands hefur kynnt auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 og leyfir sér hér með að koma með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 ganga þvert á markmið náttúruverndarlaga nr. 44/1999, eins og þeim er lýst í 1.gr.: "Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir fönnum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar"

Breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 eru ekki í samræmi við 1. grein Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þar sem segir að markmið þeirra sé: "að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,"

Þær breytingar sem fyrirhugaðar framkvæmdir við Neðri Þjórsá ógna varðveislu náttúru- og menningarverðmæta, og fela í sér umhverfisspjöll og geta ekki fallið undir skilgreiningu á sjálfbærri þróun sem byggist á því athafnir núlifandi manna geri þeim kleift að mæta nútíma þörfum, án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Sjálfbær landnýting er hluti af sjálfbærri þróun sem byggist á því að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar né eðlileg framvinda hennar hömluð, þannig að hver kynslóð skili landinu í sama, eða betra ástandi en hún tók við því. Gjörnýting eða tortíming á landi samræmist ekki hugtakinu um sjálfbæra þróun.

Flutningur Þjórsár úr sínum farvegi er brýnt brot á þeirri meginreglu að vötn skuli renna þar sem þau hafa að fornu runnið. Landsvirkjun hyggst hins vegar breyta rennsli og rennislísið árinna.

Fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir við Neðri Þjórsá munu hafa óafturkræf og óbætanleg áhrif á náttúrufar, landslag og lífríki Þjórsár og grannsvæða hennar. Lífríki árinna frá upptökum til ósa og út á landgrunn er ein heild. Röskun á einum kafla Þjórsár hefur áhrif á framvindu lífríkis á öðrum, bæði á landi og sjó. Framkvæmdirnar munu því einnig hafa óbein áhrif á friðuð svæði ofan við svokallaða "Neðri Þjórsá", Friðlandið í Þjórsárverum og Þjórsárdal sem er á náttúruminjaskrá. (sjá nánar um friðuð svæði og svæði á náttúruminjaskrá á slóðinni <http://www.umhverfisstofnun.is/Naturuvernd/Natturuminjaskra/nr/301> .

Fyrirhugað framkvæmdasvæði sem er um 50 km. langt, er á mjög virku jarðskjálftasvæði sem er enn á hreyfingu eftir mikla jarðskjálfta árið 2000. Þrjár mjög stórar jarðskjálftasprungur eru á þeim 50 km. langa kafla sem hér um ræðir. Breyting á vatnsrennsli mun því hafa ófyrirsjáanleg áhrif á grunnvatnsstreymi og grunnvatnsstöðu á stóru svæði og þar af leiðandi náttúrulegt jafnvægi jarðvegs, gróðurs og dýralífs. Ásýnd stórra svæða mun spillast og flóðahætta aukast og jarðvegur mun rofna og flytjast til. Varpsvæði og farsvæði fugla og hryggningar- og uppeldissvæði fiska munu skaðast varanlega og náttúrulegri fiskgengd spillt.

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í för með sér miklar og varanlegar breytingar á yfirborði lands, landslagi og ásýnd á 50 km löngu svæði, sem er jafnlangt og leiðin frá Selfossi í miðbæ Reykjavíkur. Fallegir fossar munu eyðileggjast og fallegar og gróskumiklar eyjar munu skaðast, vatn verður leitt í manngerða farvegi og manngerð lón, og mannvirkjum á svæðinu mun fjölga. Lindasvæði sem eru búsvæði stórra andahópa munu spillast og eins fiskgengd áa og lækja . Í eyjunni Árnasi er forn þingstaður sem verður í hættu.

Af öllum framantöldum ástæðum og mörgum fleirum hvetja Náttúruverndarsamtök Suðurlands sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til þess að hafa kjark til að falla frá þeim breytingum sem auglýstar hafa verið á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2004-2016 og gera áætlanir um landnýtingu sem skaðar ekki náttúrufar og landslag svæðisins og eru í anda sjálfbærrar þróunar.

Að lokum áskilja NSS sér rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn. Einnig vísa til athugasema allrar þeirra sem kunna að leggja gegn hinu auglýsta breytta skipulagi og geri röksemdir þeirra að sínum eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Náttúruverndarsamataka Suðurlands
Elín Erlingsdóttir formaður.

250559-7049



L Ö G M E N N
S U Þ U R L A N D I

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

28. feb. 2007

Móttekið

Skipulagsfulltrúi uppsveita Arnessýslu
Bt/ Péturs Inga Haraldssonar
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Fax: 486-1246

Selfoss, 12. febrúar 2007.


Varðar: Athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Undirritaður gætir hagsmuna landeigenda á því svæði sem um ræðir. Bent er á að eignarrétturinn er verndaður í 72. gr. Stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 (STS) og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með 1. nr. 62/1994 (MSE).

Þá er einnig bent á að umbjóðendur mínir geta átt rétt á bótum úr sveitarsjóði vegna gildistöku framangreindra breytinga á skipulagi, allt með vísan til 33. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Undirritaður áskilur sér eftir atvikum allan rétt í málinu til þess að sækja framangreindar bætur á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Ólafur Björnsson hrl.

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

28. feb. 2007

Móttakið

Reykjavík, 28. febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Efni: Athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ég undirrituð, *Guðrún Haraldsdóttir*, er eigandi lands úr Haga í Gnúp. Er með mitt frístundahús á því landi, 7,5 hektara með veiðiréttindum 7 km strandlengju Þjórsár, frá Þverá og inn að Markargili, en svo nefnist gilið þar sem liggja mörk Haga og Ásólfstaða (nú skógrækt ríkisins). Gil, lækir og ár voru gjarnan landamæri jarða áður en girðingar komu til. Einnig á ég veiðirétt í allri Þverá sem skilur að Haga og Fossnesland og svo er einnig með mínar systur. Afi og amma okkar hófu búskap í Haga 1910 og hefur það haldist í ættinni sem "óðal mæðranna".

En hvar er eignarrétturinn og hvar er lýðræðið? Einn góðan veðurdag verður þetta allt einskisvert. Þeir sem gátu og voru framsýnir virkjuðu bæjarlækinn til eigin nota, en í dag kemur Landsvirkjun og vill leggja blómlegar byggðir Suðurlands í rúst. Ekki í þágu lands og þjóðar heldur af skammtímagræðgi.

Umhugsunarvert er fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hvort hún vilji ekki frekar stuðla að landsnotkun sem fellur að ánni og umhverfinu, eins og hún er nú, með augum Íslendinga og erlendra ferðamanna. Ferðamannagreinin er ekki lítill þáttur í okkar íslenska þjóðfélagi og slagar upp í landbúnaðartekjurnar. Og hvað hafa þeir ávinning af þessari virrkjun Skeiða- og Gnúpverjahreppsmenn? Enga! Gnúpverjar þekkja það af fyrri reynslu, að virkjanir verða sjálfbærar, enga atvinnu að hafa í byggðarlaginu. Verða sjálfvirkar og þeim stýrt úr þéttbýlinu í Reykjavík. Á meðan á uppbyggingu stendur er mestmegnis um erlent og aðfengið vinnuafli að ræða. Viðskiptahalli og verðbólga mun ríkja í íslensku þjóðfélagi.

Það kemur við mitt hjarta og einnig við mína buddu að sveitinni minni og landi sé nú umturnað. Sveitinni sem mér var kennt að elska og virða, sveitina sem ég átti að rækta, stinga niður bakkabrot og með ömmu minni hefta uppblástur, gera græna brekku, svo Hagi myndi ekki bera við mel, þegar þú sæir býlið. Melur var hið auðna land sem enginn lifði á.

Er Ísland í dag orðinn tómur melur? Steinar melsins orðnir að krónum og aurum? Ísland er varla orðið lýðræðisríki. Það eru örfáir aðilar sem valta yfir heila þjóð á bak við tjöldin og lifa í núinu, en hugsa hvorki um börn né barnabörn heldur sitt kjörtímabil.

Við uppbyggingu virkjana er meirihlutinn erlent vinnuafli, svo laun þeirra og margir skattar hafna erlendis. Við Íslendingar megum leggja til landið, til að framleiða vistvænt og ódýrt rafmagn, jafnvel niðurgreitt af íslenskum skattgreiðendum. Þessi staðreynd ætti þó að hringja viðvörunarbjöllum hjá ýmsum sveitarstjórnarmönnum, sem nú sækjast eftir því að bjóða álrisunum fríðindi ef þeir aðeins vilja slá sig niður hjá þeim.

Enn og aftur mótmæli ég því að stífla verði byggð í Þjórsá við Núp og uppistöðulón setji slíkar náttúruperlur á kaf, að fátítt er að sjá þær fegri á okkar fagra landi.

Hjálagt sendi ég afrit af bréfi því er ég skrifaði til Landsvirkjunar áður en (Núpsvirkjun) nú Hvammsvirkjun fór í umhverfismat.



Guðrún Haraldsdóttir
Spóahólum 4 – 111 Reykjavík
Kt. 250243-2949

Gnúpverjahreppur 23-07-2001

Landsvirkjun

Núpsvirkjun mat á umhverfisáhrifum.

Ég undirrituð eigandi sumarhúsins Undralands ásamt 7,5 hektara af landi Haga (sem er fæðingar og æskuheimilið mitt) Mótmæli fyrirhuguðu lóni við Núpsvirkjun sem ætlað er að verði við túnfötinn hjá mér.

Með því að færa í kaf slíkar náttúruperlur að fáar á landinu eru fegurri. Gróðurvaxin og grasgróin sker, kletturinn Karl með sínum trjám, fallegar flúðir og klapparhellur, Gálgaklettarnir og stór hluti Hagaeyjar sem er stærsta grasgróna eyjan í straumá á Íslandi. Aðeins Árnesið sem er lítið gróin er stærri, en það er nýleg eyja sem áður var nes frá Árnessýslu. **Hafa verður í huga að það er ekki aftur tekið það sem fer á kaf í lónið.**

Ef svo illa færi, að saklausir landeigendur í blómlegri sveit á suðurlandi verði að setta sig við þennann ólýsanlega yfirgang, krefjumst við þess að lónið verði lækkað um 4-5 metra að minnsta kosti og að gengið verði þannig frá málum sitt hvoru megin við Lambaréttarnefið þar sem Undraland stendur að ekki myndist þar hættulegar tjarnir þar sem börn að leik, gætu druknað í. Þá væri sælustaðurinn minn orðinn **Hryllingsland.**

Guðrún Haraldsdóttir kt: 250243-2949

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

28. feb. 2007

Móttekið

Húsatóftum 27. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Urriðafoss, Hvamms- og Holtavirkjana.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa mikil og ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn.

Á vef Landsvirkjunar stendur,
"Heiðarlón mun teygja sig um 11 km upp eftir farvegi Þjórsár eða á mótis við Brautarholt á Skeiðum."

Þar sem Brautarholt á Skeiðum er skólahús, sem stendur á Húsatóftaholti, í þriggja km. fjarlægð frá núverandi farvegi Þjórsár, vonum við að ekki sé átt við að Þjórsá nái að skólahúsinu heldur sé átt við að lónið nái upp á mótisvið Murneyri, annars væri ekki mikið eftir af landi á Skeiðum.

Þar sem Þjórsárhraunið er undir öllum Skeiðunum og hriplekt er óhugsandi annað en jarðvatnsstaðan í sveitinni hækki

Með tilvísan í þessa grein og annað á vef Landsvirkjunnar sem okkur þykir illa unnið og ekki traustvekjandi áskiljum við okkur allan rétt til athugasemda og skaðabóta þegar í ljós kemur að jarðvatn hækkar og spillir landi okkar.

Nafn:

Heimili:

Kt.

Ólafur Þorgeirsson Húsatóftum I Skeiðum 150638-3619

Valgerður Auðunsdóttir Húsatóftum I Skeiðum 140647489

26. febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnæssýslu

28. feb. 2007

Móttekið

Efni: Athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Að fyrstu vil ég greina frá tengslum mín við þessa sveit en ég er fæddur og uppalin í Melhaga í hinum forna Gnúpverjahreppi og er tíður gestur þar þótt ég sé ekki með lögheimili þar lengur.

Vegna fyrirhugaðar virkjanarframkvæmdar þá hef ég kynnt mér þessi mál að því leiti sem hægt er en að svo komnu máli hvet ég sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka út úr Aðalskipulagi Skeiða og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Þar sem að fyrir liggja ekki nægjalegar áætlanir um framkvæmd þessa og áhrif á þær jarðir sem hvað verst fara út úr þessari framkvæmd, og vil ég koma með nokkur dæmi þar um.

1. Fyrirhuguð virkjun mun hafa mikla breytingu á ásýnd Þjórsár fyrir neðan Gaukshöfða, verið er að bera saman kyrrlátt manngert stöðulón við núverandi farveg Þjórsár. (samanber bls. 8 í kafla um sjónræn áhrif í greinagerð með tillögu að breytingu á aðalskipulaginu) hér liggur við að menn tali um að þetta séu landbætur.
2. Varðandi Hagalón þá er talað um að stór hluti af Hagaey fari undir vatn ef af þessum framkvæmdum verður "*en nyrsti hluti hennar sem er að mestu uppblásin mun hverfa undir lónið*" Það er ástæðulaust að réttlæta þessa virkjun og lón með þessari framsetningu. Í þessari eyju er einnig gróið land sem fer undir vatn sem er um helmingur þess flatarmáls sem á að sökkva.
3. Eins er talað um að "*Núverandi farvegur Þjórsár mun hverfa undir vatn en hann ber töluverð ummerki flóða og jarðvegsrofs með bökkum árinna auk röskunar við efnistöku*" Eins er ástæðulaust að réttlæta þessa virkjun og lón með þessari framsetningu. Við þetta lónstæði Hagalón, er ekki ummerki jarðvegsrofs og engin ástæða til að réttlæta þessa umbyltingu á landinu. Það er fyrst hægt að tala um sjónmengun þegar og ef af þessum framkvæmdum verða. Sama má seigja um malarnytjar, á þessu svæði fer hún nánast eingöngu fram í farvegi Þjórsár (hún hefur séð um af afmá þær svo til alveg á hverju ári) en áður fyrr voru einnig malarnám annarsstaðar með tilheyrandi jarðraski og lýti á umhverfið, samanber malarnámur fyrir framan Hagasand (svonefndar Líknýjar náma) sem búið er að loka og rækta tún.

Einnig vil ég koma á framfæri eftirfarandi, þar sem ég hef ekki fundið viðunandi svara við í tillögu að breytingu á aðalskipulaginu.

1. Ekki hefur verið gefið út hversu hátt landið er umhverfis lónstæðið til að staðkunnir aðilar geti áttað sig betur á þessu. (allavega er það ekki látið liggja fyrir framan almenning) aðeins er talað um 116 m.y.s.
2. Hverjar aðgerðir verða gerða til að lámarka það tjón sem verður á jörðinni Melhaga og Haga?

3. Hvaða áhrif hefur hækkar grunnvatsstaða á tún og lönd sem fara ekki undir vatn við lónstæði?
4. Frágang og staðsetningu á þjóðvegi á og eftir framkvæmdartíma? (í greinargerðinni kemur fram að gert sé ráð fyrir að vegurinn verðir færður ofar í landið).
5. Við sumarbústaði í landi Haga, sem standa við Þjórsár, hvernig verður frágangur á þjóðvegi, reiðstígum, vörnum við hávaða frá umferð og fl.?
6. Hver er ávinnungur fyrir sveitafélagið fyrir virkjun (stöðvarhús) sem verður ekki einusinni staðsett í sýslunni?
7. Þar fyrir utan þá eru þessar virkjanir að jafnaði mannlausar (stýrt úr þéttbýlinu) nema þegar unnið er viðhald og eftirlit.
8. Möguleiki fyrir ábúendur til að leigja og eða selja lönd undir frístundarhús þegar búið verður að taka af útsýnið yfir Þjórsá.

Virðingarfyllst,

Ólafur Guðlaugsson
Heiðarhjalla 29
Kópavogi
Netfang oligudl@simnet.is

201264-5619

Pétur

From: Ingi [tingit@simnet.is]
Sent: 1. mars 2007 11:20
To: petur@sudurland.is
Subject: Hvammsvirkjun

Kópavogi, 01.03.2007

Undirritaður gerir athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi hvað snertir væntanlega Hvammsvirkjun í Þjórsá.

Ég hef ásamt fjölskyldu og fleirum stundað umfangsmikla skógrækt í landi Skarfaness, svo og nokkra uppgræðslu á uppblásturssvæðum við Skarfaness og Lambhaga í Landssveit.

Ég tel óljóst hvort eða hvaða áhrif hækkaðrar og/eða breytilegrar vatnshæðar muni hafa á skógrækt okkar og land það sem nýtt hefur verið til skógræktar, svo og hvaða áhrif breytt aðgengi umferðar muni hafa á svæðið sem heild. Nú þegar hefur lagning háspennulínu rétt yfir nýlega uppgert bæjarhús í Lambhaga takmarkað löngun hlutaðeigandi til íveru. Athugasemd var gerð hvað línulögnina varðaði á sínum tíma. Áskil ég mér rétt til bóta verði breytingar á landsvæði þessu hvað mig og mína snertir.

Þorvarður Ingi Þorbjörnsson
200357-4269

Þorvarður Ingi Þorbjörnsson
200 Kópavogur



Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

25. febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Arnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

**Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða-
og Gnúpverjahrepps 2004-2016.**

**Við undirrituð íbúar á Íslandi gerum eftirfarandi athugasemdir við
auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og
Holtavirkjunar.**

Breytingar á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar munu hafa í för með sér
ófyrrisjáanleg áhrif á náttúru,- dýra,- og mannlíf við Þjórsá um ókomna framtíð.

Í fyrsta kafla laga um náttúruvernd nr. 93/1996 segir um markmið, gildissvið og
skilgreiningar laganna:

*"Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að
hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.*

*Lögin eiga að tryggja eftir fönnum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en
verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.*

*Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og
menningarmynjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar
þróunar."*

Hugtakið sjálfbær þróun var fyrst notað í Brundtlandskýrslunni frá árinu 1987. Þar er
hugtakið skilgreint sem: "Þróun sem gerir okkur kleift að mæta nútíma þörfum án þess
að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum."

Ef að virkjun verður, verður ánni veitt upp úr farvegi sínum á löngum kafla, veitt í
göng og skurði svo eftir verður smá spræna eða jafnvel þurr árfarvegur. Þarna geta
skapast kjöraðstæður fyrir uppblástur, náttúru fyrirbæri sem við Íslendingar höfum um
marga áratuga skeið barist gegn. Fagrir fossar, sem vissulega eru augnayndi landsmanna
allra, munu verða litlar bunur, ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var. Lón verða

mynduð sem færa munu í kaf dýrmætar eignir fólks, tún, beitolönd og hýbýli manna og dýra, eignir sem hafa tilfinningalegt gildi og verða ekki metnar til fjár.

Í fyrsta kafla 1.gr. skipulags- og byggingarlaga stendur:

„Markmið laga þessara er: að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi, að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagar heildarinnar sé hafður að leiðarljósi, að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.”

Ljóst er að verði að fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum er hér um óafturkræfan verknáð að ræða sem ekki verður aftur tekinn. Ásýnd Þjórsár og umhverfi hennar mun breytast, við munum ekki skila afkomendum okkar landinu sem við fengum að láni eins og það var lagt í okkar hendur. Þjórsá er auðlind og verður ekki metin til fjár. Verðmæti hennar munu vaxa um ókomin ár.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

| Nafn: | Heimili: | Kt. |
|------------------------|--------------|------------------------|
| Stefanía Geirsd. | Flámskjálaga | Flóahreppi 041061-7669 |
| Éliar Ingi Þjórðsson | Flámskjálaga | Flóahreppi 170859-4649 |
| Kristján Ágústsson | Örnghammi | Flóahreppi 150357-2099 |
| Ragna Larsen | — | 150458-3749 |
| Margrjet Jónsdóttir | Þystru-Þelli | Flóahreppi 110764-2009 |
| Þorsleinn Þjórðsson | — | 260456-4829 |
| Ástráður Guðmundsson | Kysti | -Hellas 030346 4759 |
| Ólga María Gísladóttir | Króki | 181265-3889 |

1) Olafur Sigurjónsson Farsæli # 190145-2989
 Bergþóra Guðbergisdóttir - 11 - 190846-2889
 Þórbergur Hrafn Ólafsson Farsæli 030780-4189
 Guðrún Jónsdóttir Sandbakka 030253-4349
 Björni Pálsson Sýtri-Graf 010658-3579
 Alda Stefánsdóttir Sýtri-Graf 220165-4349
 Þorvaldur ^{Swimfont} Leirhjú ²⁰¹⁵ Jónshelja 2305604989
 Erling Pétursson ²⁰¹⁵ Dalshelja F.A. 251042-4629
 Ómar Bráðfjörð 280542-3699 ^{Grund 2} 801 Self 300544-3209
 Sigríður J. Kristjánsdóttir Grund.
 Albert Sigurjónsson Sandbakka 041149-41859
 Guðjón Sigrússon Kolshell 250541-4577
 Björni Guðmundur ^{Middlahellshelli, 801} ^{Middlahellshelli} 031178-3129
 Kolbrún Karadóttir Grenngrund 7 Self. 301067-5939
 Sigríður Ólafsdóttir Midungí 12 Sýr 20.03.46-4839
 Sýra Dröfn Samund's Spóavina 14 Self 110272-3409
 Jósefa Jónsdóttir Barabætur 17 251051-4539
 Guðrún V. Halldórnard. Heidmörk 65.810. 1012523969
 Ejlifur Sýr ~~Valur~~ 721059-7010
 Árnir Þórunn ~~Leifur~~ 801 Self. 300569-3829
 Anný Jónsdóttir Vorsabæjarhjáteigi 080368-3569

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Anna Sigríður Valdimarsdóttir 031081-5999

Auður Gróa Valdimarsdóttir 280790-3469

Jón Einar Valdimarsson 291283-8889

Stóra-Núpi í Skeiða og Gnúpverjahreppi
801 Selfoss

annasigga@aknet.is

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Stóra-Núpi, 26.02.2007

Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi:

Virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun,
Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Sbr. auglýsingu um skipulagsmál í uppsveitum Árnessýslu, dags. 29.12.2006.

Við undirrituð, hluti af ábúendum jarðarinnar Stóra-Núps, gerum hér með athugasemdir á breytingum á aðalskipulagi er varðar Hvamms- og Holtavirkjun í Þjórsá. Fyrst persónulegum athugasemdum.

1. Fyrst og fremst höfnum við systkinin því að heimahagar okkar séu verðmerktar á þann hátt áætlað er. Þjórsáin hefur verið okkur ábúendum á Stóra-Núpi mikið stolt og auginynda alla okkar tíð og metum við náttúruna og umhverfi okkar meira en

svo að við séum tilbúin að taka þessu með þegjandi þögninni. Okkur blöskrar þessi niðsla sem náttúru Íslands, okkar fagra og hreina landi er sýnd. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru óafturkræfar og neikvæð áhrif þeirra ekki hægt að sjá fyrir að öllu leyti. Við hræðumst þessa handhafa valds í landinu sem láta sig ekkert varða það sem er ósnortið og saklaust, þar sem græðgi og blekking virðast höfð að leiðarljósi. Ekkert okkar hefur rétt á að ákveða að breyta ásýnd og náttúrulegri tilvist lands fyrir enn frekari spjöll og rask í kjölfar stækkunar álvers. Stolt okkar sem Gnúpverjar er skaðað með þessum aðgerðum.

2. Jörð Stóra-Núps tilheyrir einnig hluti eyja sem fara undir vatn ef Hagalón verður að veruleika. Þá viljum við benda á að við eigum talsvert land sem liggur skammt frá fyrirhuguð Hagalóni, munu framkvæmdirnar draga, að töluverðu leyti, úr því gildi að bjóða fólki, ferðamönnum sem koma til Íslands og heimsækja Gnúpverjahreppinn, að upplifa landið í sinni eiginlegri mynd. Afkoma foreldra okkar byggist að einhverju leyti af ferðapjónustu og mun eyðilegging á náttúrunni sem þessar fyrirhuguðu framkvæmdir, kasta rýrð úr þessari afkomu og starfsemi, fyrir það sem hún stendur.
3. Þá viljum við benda á að fyrirhugaðar framkvæmdir við Hvammsvirkjun liggja mjög nærri vatnstöku Hitaveitu Gnúpveja. Þó brunavamaáætlun sé ekki tilbúin og því ekki búið að afmarka vatnsverndarsvæði þá ber að hafa þetta í huga. Vatn frá veitunni er ekki einungis notað til húshitunar heldur einnig til skepnufóðurs manneldis og matvælagarðar. Við virkjanagerð er verið að nota alls kyns efni, tæki og tól sem ekki á heima nálægt slíkum vatnstökustöðum.
4. Hvað varðar málsmeðferðina sjálfa viljum við systkinin lýsa yfir vanþóknun á illa útlitaðri og hlutdrægri kynningu á fyrirhugaðri framkvæmd. Skortur á athugasemdum sé EKKI þar með sögð viljayfyrýsing og er okkur misboðinn yfirgangur á rétti okkar og vilja. Ekki er sambærilegur sá tími sem liggur að baki annars vegar fyrirhugaðri framkvæmd og hins vegar andsvörum, athugasemdum hennar. Óhæft er að bera saman bolmagn gríðarstórs fyrirtækis og getu nokkurra einstaklinga til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Slíkt er algerlega óhæft.

5. Vilji okkar systkina er skýr, þar sem við erum í einu og öllu sammála um að frekari framkvæmdir í Þjórsá séu tímaskekkja og hreint ránfengi þjóðar á landi og náttúru.
6. Einnig áskiljum við okkur rétt til að koma með frekari upplýsingar, rökstuðning og gögn síðar.
7. Við förum fram á að sveitastjórn okkar afli traustra og ítarlegra upplýsinga um alla óvissu og vafa þætti svo sem um nærveður við lón, grunnvatnsstöðu, og varnargarða, án þeirra gagna er ekki raunhæft að taka ábyrga ákvörðun í máli sem þessu.
8. Enn frekar óskum við eftir því að fá að tjá okkur um athugasemdir og önnur gögn sem sveitastjórnin kunnir að afla.

Almennar athugasemdir:

Verðmæti sem felast í óspilltu umhverfi og fagurri náttúru aukast, með hverju árinu sem líður. Eftir því sem ósnortnum svæðum fækkar í heiminum verða þau svæði sem eru náttúruleg meira virði. OECD (Efnahags og framfarastofnun Evrópu) hefur gert athugasemdir við verklag Íslendinga að taka ekki verðgildi náttúrunnar inn í arðsemissútreikninga virkjunarframkvæmda og gera kostnaðar/ábatagreiningu eins og gert er í öðrum löndum. Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Með von um vitundarvakningu,

Anna Sigríður Valdimarsdóttir

Jón Einar Valdimarsson 82291

ANNAUR GRÖA VALDIMARSDÖTTIR

Skipulags-og byggingarfulltrúi
 uppsveita Árnessýslu
 01. mars 2007
 Móttekið

Ólafur Jóhannsson 200351-34
 Valdimar Jóhannsson
 Þorbjörg Jóhannsdóttir
 Stóra-Núpi í Skeiða og Gnúpverjahreppi
 801 Selfoss

Pétur Ingi Haraldsson
 Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
 Dalbraut 12
 840 Laugarvatn

Stóra-Núpi, 24.02.2007

Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi:

**Virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun,
 Skeiða og Gnúpverjahreppi.**

Sbr. auglýsingu um skipulagsmál í uppsveitum Árnessýslu, dags. 29.12.2006.

Við undirrituð, hluti af ábúendum og eigendum jarðarinnar á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi, gerum hér með athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi er varðar Hvamms-og Holtavirkjun í Þjórsá. Einnig gerum við athugasemdir við ýmislegt er varðar málsmeðferðina.

1. Í upphafi viljum við að fram komi að við teljum að umrætt svæði sé alltof verðmætt frá nátturuverndar sjónarmiði að til greina komi að leggja það undir virkjanir. Slíkar framkvæmdir hafa algerlega óafturkræf áhrif og það er óásættanlegt að færa slíkar fórnir nema brýna nauðsyn beri til. Þá verður að gera þær kröfur til stjórnvalda að þau reyni að gera sér grein fyrir því hvers virði náttúran verður okkur í framtíðinni. Það er eitt megin inntak skipulagslaga að varðveita náttúru landsins.

2. Hvað varðar sértækar athugasemdir okkar þá viljum við benda á að við eigum hlut í eyjum sem fara undir vatn ef Hagalón verður til en út á þá eign höfum við átt aðgang að efnistöku sem hefur haft mikla þýðingu fyrir búskap okkar og ýmsa aðra starfsemi. Þá viljum við benda á að við eigum talsvert land sem liggur skammt frá fyrirhuguðu Hagalóni sem hefur í dag mjög hátt verðgildi sem frístundasvæði, en mun falla verulega að verðgildi með tilkomu lónsins. Einnig viljum við benda á að hér hjá okkur er verið að reka ferðaþjónustu sem ætlunin er að efla. Framkvæmdir sem verið er að leggja til fara algerlega í bága við það sem þar er verið að selja.
3. Þá viljum við benda á að fyrirhugaðar framkvæmdir við Hvammsvirkjun liggja mjög nærri vatnstöku Hitaveitu Gnúpverja. Þó brunavarnaáætlun sé ekki tilbúin og því ekki búið að afmarka vatnsverndarsvæði þá ber að hafa þetta í huga. Vatn frá veitunni er ekki einungis notað til húshitunar heldur einnig til skepnufóðurs, manneldis og matvælagæðar. Við virkjanagerð er verið að nota alls kyns efni, tæki og tól sem ekki á heima nálægt slíkum vatnstökustöðum.
4. Hvað varðar sjálfa málsmeðferðina viljum við lýsa yfir vanþóknun á hvað illa hefur verið staðið að ítarlegri og hlutlausri kynningu framkvæmdarinnar. Framkvæmdin hefur í för með sér óafturkræft tjón á umhverfinu og er okkur með öllu óskiljanlegt að tekið sé á málum sem þessum hætti. Að nefna að umhverfismatið hafi farið í geng athugasemdalaust er hneisa. Að ætlast til að það sé auðvelt hverjum og einum sem ekki er samþykkur framkvæmdum, að stíga fram og gera athugasemdir við matsskýrslu sem hópur sérfræðinga hefur unnið fyrir framkvæmdaaðila á löngum tíma, með aðgang að ýmsum vísindagögnum, er með öllu óraunhæft. Hvergi höfum við séð hvar hægt er að fá aðstoð við athugasemdagerð eða leiðbeiningar um hvernig best era að standa að slíku. . . Við erum í öllu ósammála því að fáar athugasemdir þýði samþykki við framkvæmdum og þykir okkur sá málaflutningur brjóta í bága við lýðræði. Athugasemdarleysið má ekki taka sem viljayfirlýsingu.
5. Við undirrituð, förum því fram á að umrædd breytingatillaga við aðalskipulag verði ekki samþykkt. Við ítrekum óánægju með fyrirhugaðar framkvæmdir í

Þjórsá. Vilji okkar í þessu máli er skýr, við viljum ekki frekari virkjanaframkvæmdir í Þjórsá.

6. Undirrituð áskilja sér rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn. Einnig að fara fram á að sveitastjórnin afli sér traustra og nákvæmra upplýsinga um óljós vafaatriði, t.d má nefna varnargarða, fyrirframgreinda vatnstöku Hitaveitu Gnúpverja, grunvatnsstöðu, vatnafar á öðru landi en því sem fer undir lón, nærveður og fleira. Án þessara upplýsinga er óhæft að taka ábyrga og meðvitaða ákvörðun í máli þessu. Ekki síst óska undirrituð eftir að fá að tjá sig um þau gögn og athugasemdir sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins auk þeirra sem sveitastjórnin kann að afla sjálfstætt.

Olafur Jóhannsson
Núlli mat Jóhannsson
Þorbjörg Jóhannsdóttir

Skipulagsfulltrúi uppsveitanna
Pétur Ingi Haraldsson
Laugarvatni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Ásum, 27. febrúar 2007.

Efni: Athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Hinn 6. september 2001 var haldinn fundur í hreppsnefnd Gnúpverjahrepps. Undirrituð sat þá í nefndinni og ritaði fundargerð. Í fundargerð segir orðrétt:

Með bréfi sínu, dags. 27. ág. 2001, óskar Skipulagsstofnun umsagnar Gnúpverjahrepps um tillögu að matsáætlun vegna Núpsvirkjunar í Þjórsá. Hreppsnefnd tekur eindregið undir framkomnar ábendingar um að færa stíflu og inntaksmannvirki upp undir farveg Þverár og lækkun lóns í 114 m.y.s. til að draga úr neikvæðum áhrifum og telur lækkunina vera forsendu þess að sátt náist um framkvæmdina.

Að öðru leyti ítrekar hreppsnefnd umsögn sína, senda Landsvirkjun 27. júlí, og birt var með ofangreindri tillögu í ágúst 2001. Samþykkt samhljóða.

Nú er komið á daginn sem spáð var, að forsendan er brostin. Ekki var ljáð máls á lækkun lóns úr 116 metrum í 114 af hálfu framkvæmdaaðila. Ekki var til dæmis heldur tekin til greina málefnaleg og ítarleg athugasemd ábúenda í Haga og Melhaga og birt var með sömu tillögu í ágúst 2001. Hefði þar þó ef til vill náðst umræðugrundvöllur.

Margt hefur skýrst á þessum hartnær sex árum frá því þessi umsögn var gefin. Skal hér dregið á nokkur atriði:

- Sjónræn áhrif virkjunarframkvæmda yrðu veruleg og óafturkræf.
- Mikil rofhætta yrði fyrir landi Fossness og vesturhluta Hagalands, þar sem gert er ráð fyrir að lónið gutli inn með brekkum. Vafasamt verður að telja það sem fram kemur í matsskýrslu, að landbrot yrði trúlega lítið, ekki þarf annað en að benda á gífurlegt landbrot í Sultartangalóni því til sönnunar.
- Landþrengsli yrðu óhjákvæmileg með lóninu að vestan, erfitt að ferðast með tugi hrossa í rekstri eins og nú er gert, og hefur sú umferð aukist mjög á síðustu árum.
- Aursöfnun er óhjákvæmileg í lóninu, það mun fyllast af sandi, þótt ég lifi það ekki né þeir sem um þetta skipulag fjalla. Er þó nóg sandfok fyrir með henni Þjórsá eins og hún er nú.
- Þjóðarhag yrði ekki stefnt í voða þótt ekki yrði af framkvæmdunum, heldur er rafragnnið ætlað til stækkunar álvers. Í ljósi umræðu um hnattræna loftmengun á síðustu árum er alveg skýrt, að öflun súrálts (hráefnis til álgerðar) er einhver mest mengandi iðnaður sem um getur. Heldur verður að teljast ótrúlegt að álverið í Straumsvík loki ef það er ekki stækkað, þar sem allmargar þjóðir hafa nú úthýst frekari álgerð vegna þessara sjónarmiða. Ekki er um atvinnuleysi að ræða í Hafnarfirði.

- Óstöðugleiki og þensla í þjóðfélaginu er gífurleg um þessar mundir. Nú leggja stjórnámálamenn og hagfræðingar ríka áherslu á að nauðsynlegt sé að hægja á ferðinni, ekkert liggi á. Þetta gildir um fólk í öllum stjórnmalaflokkum.
- Rætt er um samgöngubót á Suðurlandi með brú yfir Þjórsá í tengslum við framkvæmdina. Á það skal bent, að vel má byggja brú, þótt ekki sé virkjað, og ráð að dusta rykið af þeirri gömlu, góðu hugmynd og vinna henni brautargengi.
- Virkjunin væri atvinnuskapandi meðan á byggingu stæði. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir atvinnutækifærum þar, þegar hún yrði tekin í notkun, þar sem hún yrði að jafnaði mannláus.
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur myndi ekki hafa neinn fjárhagslegan ávinning af framkvæmdinni.


Mér hefur orðið tíðrætt um aðstæður við Hagalón, það mál þekki ég gerst, vegna setu minnar í hreppsnefnd á sínum tíma.

Því miður reyndumst við sannspá, sem samþykktum samhljóða í september 2001, að tveimur metrum lægra lón væri forsenda þess að sátt næðist um framkvæmdina.

Eflum samheldni og gott mannlíf, sátt og einingu í sveitinni okkar. Ekki veitir af.

Því legg ég til, að ekki verði gert ráð fyrir virkjunum í Neðri-Þjórsá, og tel mig hafa fært rök fyrir máli mínu.

Með vinsemd,



 Halla Guðmundsdóttir

Ásum.

801 Self.

270251-4989

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu
01. mars 2007
Móttekið

26. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ég undirrituð, Áslaug Haraldsdóttir, er fædd og uppalinn í Haga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. En eftir að ég varð fullorðin og flutt að heiman kom ég mér upp sumarhúsi í samvinnu við börn og tengdabörn vestarlega í landi Haga.

Ég vil því sem beinn hagsmunaaðili mótmæla fyrirhugaðri virkjun Þjórsár á móts við Minna Núp þar sem framkvæmdin hefur bein áhrif á líf mitt og eignir. Ég vil að öll áform um virkjun með tilheyrandi lóni verði dregin til baka og þar með af aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ég vil benda á eftirfarandi:

Fyrir neðan sumarbústað minn sem er á móts við austasta hluta Hagaeyjar verður öllum helstu kennileitum Þjórsár sökkt, þannig að ásýnd svæðisins gjörbreytist til hins verra.

Vinafólk sem hefur heimsótt mig hefur dásamað það sem fyrir augu ber frá sumarhúsinu. Gildir það bæði um fjallahringinn sem og Þjórsá með sínum skerjum, eyjum, klettum og flúðum.

Þegar ég hófst handa við að byggja sumarhúsið fyrir rúmum 10 árum síðan þá var þjóðvegurinn fyrir neðan malarvegur með tilheyrandi ryk- og hávaðamengun. Fyrir nokkrum árum var hann malbikaður og snarminnkaði hávaðinn og rykið hvarf. Með núverandi áformum er augljóst að lyfta þarf veginum. Ekki veit ég hversu mikið en augljóslega mun það verða til þess að hávaði vex að nýju.

Ég á veiðirétt í Þverá og Þjórsá og hefur verið vinsælt að renna fyrir fisk við vatnaskil Þverár og Þjórsár. Þetta verður ekki hægt eftir virkjun og verða réttindin þá einskis virði.

Ég ítreka því það sem kom fram í upphafi og leggst gegn fyrirhuguðum virkjanaáformum þar sem þau gera ekkert annað en að skerða eigur mínar og spilla fögru umhverfi sem ég hef notið að dvelja allar helgar og stóran hluta sumars frá vori og langt fram á haust.

Virðingarfyllt,

Áslaug Haraldsdóttir

Áslaug Haraldsdóttir
Hraunbæ 124
110 Reykjavík

130139-4349

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttakið

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

Pétur Haraldsson,
Laugarvatni

Við undirrituð gerum hér með athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Þær virkjanir sem til stendur að setja inn á aðalskipulagið, svo og Urriðafossvirkjun, eru allar á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Engin trygging er fyrir því að Þjórsárhraunið haldi vatni og því líkur á að grunnvatn hækki á neðri hluta Skeiða.

Mikil óvissa er vegna aukinnar flóðahættu af völdum jarðskjálfta.

Margar ómetanlegar náttúruperlur í og við Þjórsá munu verða eyðilagðar eða skemmdar verulega.

Vegna ofanefndra þátta m.a. krefjumst við þess að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hætti við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi og heimili ekki þær virkjanaframkvæmdir sem þar eru fyrirhugaðar.

Borgarkoti, Skeiðum 27.2.2007
Virðingarfyllt

Víkingur Birgisson

310766-4109
Víkingur Birgisson

Guðbjörg Jónsdóttir

160669-4979
Guðbjörg Jónsdóttir

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu
01. mars 2007
Móttakið

Félag eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi,
sendir frá sér eftirfarandi ályktun:

Við lýsum yfir þungum áhyggjum vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í neðrihluta Þjórsár, og bendum á eftirfarandi: Þessi virkjunaráform hafa gríðarlega neikvæð umhverfisáhrif í sveitarfélaginu, ræktað land og gróið fer undir lónin ásamt ýmsum náttúruperlum í og við ána.

Í Þjórsárhrauninu sem liggur undir meginhluta sveitarinnar eru hriplekar jarðskjálftasprungur sem liggja út í ána. Við hækkað vatnsborð í fyrirhuguðum lónum óttast margir að jarðvatnsstaða hækki í neðri hluta sveitarinnar. Þá viljum við benda á að fyrirhugaðir varnargarðar við uppistöðulónin yrðu reistir á helsta jarðskjálftasvæði landsins.

Þetta teljum við að skapi augljósa hættu.

Við teljum að öflun raforku til aukins áliðnaðar á suðvesturhorni landsins réttlæti ekki þessi virkjunaráform.

Við lýsum yfir fullum stuðningi við baráttu landeiganda á bökkum Þjórsár við að halda jörðum sínum óskertum til búrekstrar.

Þessi ályktun var samþykkt samhljóða á fundi í félagi eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem haldin var í Árnesi þann 16. febrúar 2007.

Þingsáttund við
aðalskipulag Skeiða- og Gnúpavígs

Sandalek I 27. febr. 2007.

Með víssemi og virðingu

Ólafur Þósson

Nr. 220634-2444

Sandalek 1 201 Self

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

25. febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð íbúar á Íslandi gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Breytingar á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar munu hafa í för með sér ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru,- dýra,- og mannlíf við Þjórsá um ókomna framtíð.

Í fyrsta kafla laga um náttúruvernd nr. 93/1996 segir um markmið, gildissvið og skilgreiningar laganna:

“Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarmynjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.”

Hugtakið sjálfbær þróun var fyrst notað í Brundtlandskýrslunni frá árinu 1987. Þar er hugtakið skilgreint sem: “Þróun sem gerir okkur kleift að mæta nútíma þörfum án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.”

Ef að virkjun verður, verður ánni veitt upp úr farvegi sínum á löngum kafla, veitt í göng og skurði svo eftir verður smá spræna eða jafnvel þurr árfarvegur. Þarna geta skapast kjöraðstæður fyrir uppblástur, náttúrufyrirbæri sem við Íslendingar höfum um margra áratuga skeið barist gegn. Fagrir fossar, sem vissulega eru augnauki landsmanna allra, munu verða litlar bunur, ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var. Lón verða

mynduð sem færa munu í kaf dýrmætar eignir fólks, tún, beitolönd og hýbýli manna og dýra, eignir sem hafa tilfinningalegt gildi og verða ekki metnar til fjár.

Í fyrsta kafla 1.gr. skipulags- og byggingarlaga stendur:

„Markmið laga þessara er: að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi, að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi, að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.“

Ljóst er að verði að fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum er hér um óafturkræfan verknað að ræða sem ekki verður aftur tekinn. Ásýnd Þjórsár og umhverfi hennar mun breytast, við munum ekki skila afkomendum okkar landinu sem við fengum að láni eins og það var lagt í okkar hendur. Þjórsá er auðlind og verður ekki metin til fjár. Verðmæti hennar munu vaxa um ókomin ár.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

| Nafn: | Heimili: | Kt. |
|-----------------------|---|-------------|
| Kælfra- Guðsd. | Dalsel 1 | 170175-5819 |
| Hekla Iuásd | Digranesheiði 18 | 080761-3259 |
| Eirný Þoróltsdóttir | Barmahlíð 24 | 110773-3669 |
| Steinnur Kristjánsson | Brekkutanga 3 | 170275-3069 |
| Þórhallur Halldósson | Litlaúðr 9 - ^{Kópavogshvernd 4} _{211 Kóp.} | 050869-4319 |
| Þinna Þennar | Naustabryggja 27 | 120777-5649 |
| Stungurinn Þórhósson | Vindmælur 57, 107 EVK | 230373-2999 |
| Þorvaldur Þorvaldsson | Frostakjall 3 | 180771-3529 |
| Jakob Friðriksson | Baldursgata 11, 101 RVK | 270178-3679 |
| Kæra Þórunn Þórunn | Digranesheiði 91, 200 KÍP | 191172-3619 |
| Elva Þórunn Þórunn | Heimurvíð 11 | 240372-3049 |
| Þórunn Þórunn | 2 | |
| Þórunn Þórunn | Þorláksgaia 43 | 070179-5049 |

sif

Bryndis Krogh Gisladóttir Starengi 208 112 RVK 160679-32

Grönn Anna Jónsdóttir Vallas 5, 110 230874-5149

Eyþór Hilmarsson Grundartangi 28 - 270 2104-88-2359

Kunney Hrud Hilmaradóttir Hamarshjáleiga 801-2312-8
264

Egill S. Guðgeirsson Tungubakka 14 R. 250833-3429

Pierr Guðni Jónsdóttir Tungubakka 14 R 310735-8179

Brautarholti 27.02.2007

Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu
01. mars 2007
Móttakið

Efni: Breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ég undirrituð íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
er andvíg þeim breytingum sem auglýstar hafa verið á Aðalskipulagi
Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þar sem gert er ráð fyrir virkjunarlónum
og tilheyrandi mannvirkjum.

Jóhanna Valgeirsdóttir
Jóhanna Valgeirsdóttir
Brautarholti 10
801 Selfoss

200274-4749

Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

27. febrúar 2007.

Efni: Breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ég undirritaður íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og lengst af í Haga, er andvígur þeim breytingum sem auglýstar hafa verið á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þar sem gert er ráð fyrir virkjunarlónum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum.

Hagi er góð bújörð og þar hef ég dvalið stóran hluta ævinnar og notið fagrar náttúru landsins, rennt fyrir fisk t.d. í Þverá. Ég er algjörlega á móti því að hróflað verði við Þjórsá meira en orðið er eða landinu meðfram henni.

Knútur Jóhannesson 161232-6029

Knútur Jóhannesson

Bugðugerði 5b.



Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Eystra- Geldingaholti 5, 27. febrúar 2007

Varðar: Athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016 vegna Hvamms- og Holtavirkjunnar í samræmi við 1. mgr 21. gr. Skipulags og byggingarlaga 73 1997.

Við undirrituð eigendur Eystra – Geldingaholts 5 og frístungahúss þar, ásamt 25% hlutar í Eystra – Geldingaholti 1 gerum hér með eftirfarandi athugasemdir við ofangreint aðalskipulag. Afstaða okkar mótast meðal annars af því að við höfum ásamt þúsundum annarra Íslendinga lært í frítíma okkar að meta lífsgæði þau sem felast í nálægð við íslenska náttúru á Suðurlandi og fjarlægð frá erli og skarkala bortgarlífisins:

Áform landsvirkjunnar um virkjun og val á virkjunarkostum byggist meðal annars á mati á umhverfisáhrifum sem þar sem margir þættir eru óljósir eða nánari skýringar vantar. Þessar skýringar er ekki að finna í nefndu aðalskipulagi. Nefna má endanlegan frágang og legu raflína og legu ýmissa aðkomuvega.

Í greinargerð stendur til dæmis: „*Virkjunin verður tengd orkuflutningskerfi Landsnets um Búrfellslínu 1 sem liggur skammt frá stöðvarhúsinu. Jarðstrengur mun liggja frá stöðvarhúsi að tengivirkishúsi sem reist verður undir Búrfellslínu 1.*“

Ekki er ljóst í þessu samhengi hvaða hlutar Búrfellslínu 1 verða notaðir eða hvort einhver hluti hennar verður lagður niður.

Þessi breyting á aðalskipulagi er unnin í samræmi við mat á umhverfisáhrifum þar sem nefndir voru fleiri virkjunarkostir en skipulagið nær til nú. Það er mat undirritaðra að matsskýrslan hafi verið of ófullkomin til að ákvörðun um svo stóra framkvæmd sem hér um ræðir sé hægt að taka á grundvelli hennar.

Hvergi er nefnt hvaða áhrif virkjanalón geta haft á veðurfarslega þætti í nærliggjandi byggð, til dæmis hitastig.

Við Þjórsá sunnan Skriðufells er afmarkaður reitur á uppdráttum sem ófullnægjandi skýring er gefin á.

Mjög aukin ásókn í frístundabyggð á svæðinu er til komin af því að sóst er eftir friðsæld og fjarlægð frá skarkala og umferð. Þessi gildi eru forsmáð með þessum virkjanaáformum.

Nefna má að ekki hefur verið sýnt fram á hvaða afleiðingar virkjanirnar hafa á lífríki Þjórsár og þveráa hennar og má þar til dæmis nefna laxagengd í Kálfá.

Hvergi er tekið tillit til nytja bænda og annarra landeigenda af fuglaveiðilöndum við Þjórsá.

Vegna breytinga á landnýtingu og eðli Þjórsár má leiða líkum að því að breytingin geti valdið langvarandi lækkun á verðmæti jarða í nágrenninu. Sérfræðingar á þessu sviði hafa nýlega fært fyrir þessu rök.

Ekki er gerð nægileg grein fyrir áhrifum þess að farvegur Þjórsár þornar upp að mestu á vissum tímum árs. Áform Landsvirkjunar til mótvægis um að græða farveg árið munu fara fyrir lítið við árstíðarbundnar sveiflur á rennsli. Búast má við að svifryk úr farveginum hafi ómæld áhrif á heilsu og umhverfi íbúa.

Uppdrættir í aðalskipulagi gefa falska mynd af rennsli Þjórsár eftir virkjun. Þar er sýnt rennsli eins og það er að jafnaði nú en samkvæmt mati á umhverfisáhrifum mun rennsli á þessu svæði minnka verulega.

Ekki hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir vandamálum við jaka- og aurburð eftir framkvæmdir.


Við undirrituð mótmælum harðlega stórvægilegum breytingum á nýtingu lands á svæðinu ásamt viðeigandi virkjunum og liggja fyrir því margar ástæður. Ásýnd svæðisins breytist mjög með öðrum hætti heldur en fyrri skýrslur og greinargerðir hafa nefnt. Ljósmyndir og breyttar ljósmyndir sem eiga að sýna land eftir framkvæmd hafa iðulega ranga fjarvidd (e. perspective) og gefa því ranga mynd af aðstæðum bæði fyrir og eftir breytingar. Fölsk mynd er því dregin upp.

Við mótmælum því að Búðafoss sem er einn af fallestu fossum landsins hverfi og að mannvirki verði sett í hann miðjan. Hann er náttúruperla sem ber að varðveita. Við sem byggjum landið nú getum ekki leyft okkur að taka jafn afdrifaríka ákvörðun og þá sem fram kemur í nýju skipulagi um að afmá slíka gersemi. Náttúrufegurð, niður áa og fossa, söngur fugla og önnur upplifun óspilltrar náttúru eru meðal verðmæta sem ber að varðveita.

Undirrituð áskilja sér rétt til frekari athugasemda. Einnig er áskilinn réttur til skaðabóta.


Hafðís Ólafsdóttir

310356-5659


Atli Jóhann Hauksson

300752-4389

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Finnbogi Jóhannsson 180652-8969

Olga Andreasen 190356-2139

Minni-Mástungu m

801 Self

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
Laugarvatni

Minni-Mástungu, 27.02. 2007

Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sbr. auglýsingu um skipulagsmál, dags. 29.12. 2006. Varðar virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun.

Við undirrituð, Finnbogi Jóhannsson og Olga Andreasen, ábúendur í Minni-Mástungu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, gerum hér með athugasemdir varðandi breytingar á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjana í Þjórsá.

Fyrst viljum við lýsa óánægju með hversu illa þetta skipulag hefur verið kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins. Sú kynning sem fram hefur farið hefur byggst á einhliða framsetningu framkvæmdaaðilans, Landsvirkjunar.

1. Sjónræn áhrif virkjananna ógna starfsemi okkar.

Árið 1998 hófum við rekstur ferðapjónustu í Minni-Mástungu. Síðan þá höfum við bætt við starfsemi okkar og lagt út í miklar fjárfestingar á þeim vettvangi. Það er álit okkar að með fyrirhuguðum framkvæmdum verði atvinnugrein okkar stefnt í hættu.

Rökstuðningur: Ferðafólk sem heimsækir sveitina okkar heillast af fegurð hennar. Þar leikur Þjórsá og umhverfi hennar aðalhlutverk. Tignarleiki nær ósnortinnar árinna heillar sérstaklega erlenda ferðamenn. Eyjaröðin í henni, Hágaey, Minnanúpshólmi (Viðey) og Ölmóðsey ásamt Ferjustaðnum eru óumdeilanlega hreinar náttúruperlur. Með Hvammsvirkjun verða þessar perlur eyðilagðar og umhverfi þeirra umturnað. Það má **ekki** gerast. Þessar perlur eru

ómetanleg verðmæti fyrir okkur og komandi kynslóðir. Þessara náttúruperla njóta gestir okkar meðal annars. Flestir gesta okkar sækja Þjórsárdalinn heim. Með Hagalóni verður anddyri hans sökkt. Lón þetta sem verður ljótur drullupollur kemur ekki til með að heilla ferðamenn eins og Þjórsá, flúðir hennar og Hagaey gera í dag. Ferðamenn koma ekki til að njóta ljótra manngerðra lóna og stíflumannvirkja. Verði þessi breyting á aðalskipulagi samþykkt af sveitarstjórn, lítum við svo á að hún vilji ferðamennsku og því sem henni fylgir burt úr sveitarfélaginu. Ímynd fólks á sveitinni okkar verður neikvæð.

2. Áhrif á fiskgengd og veiði í Kálfá.

Vegna umturnunar Þjórsár neðan Kálfár verður fiskgengd og veiði í Kálfá stefnt í hættu. Áskiljum við okkur rétt til skaðabóta sem eigendur að Kálfá, verði sú raunin.

3. Áhrif á verðmæti lands.

Verðmæti lands hefur aukist mjög í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á allra síðustu árum. Með tilkomu þessara virkjana er mikil hættu á að verð á landi lækki í sveitarfélaginu, bæði vegna mikillar röskunar á náttúru og ógnunar sem stafað geta frá lónunum, m.a. hækkaðrar grunnvatnsstöðu og leka um sprungur enda eru lónin staðsett á einu mesta jarðskjálfta- og sprungusvæði Íslands. Eftirspurn frístundalóða í sveitarfélaginu gæti því minnkað.

4. Fok úr þurru árfarvegi.

Ekki er ljóst hvernig Landsvirkjun hyggst koma í veg fyrir sand- og leirfok úr uppþornuðum árfarveginum. Slíkt gæti orðið verulega hvítleitt í þessari annars blómlegu byggð sem nú er. Það yrðu slæm skipti fyrir tignarlegt fljótið sem nú prýðir byggð okkar.

5. Mannlífi í sveitarfélaginu stefnt í hættu.

Fólk sem alist hefur upp og búið í nágrenni þeirra staða sem eyðileggja á með framkvæmdum þessum ber hlýjar tilfinningar til þessa ósnortna og tignarlega lands. Því finnst því misboðið með þessum framkvæmdum. Fregnir hafa borist af fólki í sveitinni sem hefur liðið mjög illa vegna þessara virkjanaáforma. Hefur það jafnvel komið niður á nætursvefni þess. Hagsmuna þessa fólks á sveitarstjórn að gæta fremur en hagsmuna Landsvirkjunar. Þetta fólk veit hvers virði þessi ósnortna náttúra er fyrir komandi kynslóðir.

6. Áhrif á lífríkið í sjónum.

Raddir hafa heyrst sem lýst hafa áhyggjum af því á hvern hátt breytt rennsli Þjórsár til sjávar kunni að hafa á lífríkið úti fyrir ströndinni. Mikil áhætta og óvissa er því fólgin í þessum framkvæmdum hvað það áhrærir.

7. Áhrif lónanna á veðurfar.

Hvaða áhrif kunna lónin að hafa á veðurfar í grennd þeirra? Því hefur ekki verið svarað. Ef til vill gæti það haft neikvæð áhrif á líf fólks nærri lónunum.

8. Hver er hagur sveitarfélagsins?


Hagsmunir sveitarfélagsins liggja ekki í tilkomu þessara virkjana nema síður sé. Bent hefur verið á að atvinna aukist í sveitarfélaginu meðan á framkvæmdum stendur. Það er allt og sumt. Reynsla síðustu ára af stórframkvæmdum á Íslandi er sú að uppistaða vinnuafslisins er erlent og ódýrt. Þá hefur oddviti sveitarfélagsins bent á það að með framkvæmdunum fáum við brú yfir Þjórsá. Ef við þurfum brú yfir Þjórsá þá á slík framkvæmd að vera á vegum Vegagerðar ríkisins en ekki Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur gefið það í skyn að ef virkjanirnar verði að veruleika verði ráðist í að koma þriggja fasa rafmagni á þá bæi í sveitarfélaginu sem enn njóta ekki þeirrar sjálfsögðu þjónustu. Svona gylliboð eru móðgun við íbúana og til háborinnar skammar.

Neikvæð áhrif þessara virkjana fyrir sveitarfélagið og landið allt eru svo yfirgnæfandi að þeim ber að hafna.

Almennt

Við áskiljum okkur rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn sem styðja athugasemdir sem breytingar á þessu aðalskipulagi varðar. Við förum fram á það að sveitarstjórn afli traustra og nákvæmra upplýsinga um allt það sem er óljóst og við erum í vafa um í framangreindum athugasemdum. Án þeirra gagna er ekki hægt að taka ábyrga ákvörðun í málinu. Þá óskum við eftir því að fá að tjá okkur um athugasemdir og önnur gögn sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins og einnig gögn sem sveitarstjórn kann að afla sjálfstætt.

Virðingarfyllst


Finnbogi Jóhannsson


Olga Andreassen

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu
01. mars 2007
Móttekið

28. febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,
Laugarvatni


Málefni: athugasemd við breytingu á aðalskipulagi varðandi virkjanir í Þjórsá,
Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Undirrituð mótmælir þeim gríðarlegu sjónrænu breytingum sem verða á sérstæðu og afar
fögru landslagi, ekki síst þar sem Þjórsá rennur meðfram landi Haga og Fosness í Skeiða-
og Gnúpverjahreppi, ef af framangreindum virkjunum verður.

Við lifum á tímum þar sem þjóðin er vöknuð til vitundar um verðmæti Íslenskrar náttúru og
hve mikil skammsýni það getur verið að valda óafturkræfum spjöllum á henni í von um
skammtímagróða. Vaxandi efasemdir eru meðal Íslenskra stjórnámálanna í öllum flokkum
um nauðsyn þess að ráðast í framkvæmdir sem þessar á næstu árum og í ofanálag liggur
fyrir að meirihluti landsmanna (63%) er andvígur þeirri framkvæmd sem nýta á orku úr
virkjununum til. Líta verður svo á að framangreindar virkjanir séu hvorki einkamál Skeiða- og
Gnúpverja né Hafnfirðinga.

Undirrituð er eigandi að frístundahúsi nokkru fyrir ofan Haga og má ekki til þess hugsa að
ferðast mörgum sinnum á ári meðfram manngerðum varnargörðum í stað þess að njóta hins
fjölskrúðuga listaverks sem móðir náttúra hefur skapað í aldanna rás í þessari fögru sveit.

Virðingarfyllst,



Valý Helga Ragnarsdóttir,
Kt: 280853 - 2159
Suðurvangi 11
220 Hafnarfjörður

Undirritaður andmælir breytingu á skipulagi vegna fyrirhugaðra virkjanna á neðri Þjórsá
þar sem ekki er sýnt fram á haldgóð rök gangvart hækkun grunnvatnsstöðu við þessar
virkjanir.

Jón Hjartarson
Brjánsstöðum

801 silf

190562-4689



Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttel

Reykjavík 28. febrúar 2007

**Athugasemdir um aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna
virkjanaframkvæmda í neðri hluta Þjórsár.**

1. Sem eigendur lögbýlisins Hamarsheiði 1, og sumarbústaðalóða á svæðinu, gerum við alvarlegar athugasemdir við að aldrei á neinu stigi undirbúnings virkjana í Þjórsá hafi verið rætt við okkur um framvindu máls sem getur haft afgerandi áhrif á aðstöðu okkar allra, fasteignir og landnýtingu til framtíðar. Þetta gildir jafnt um Landsvirkjun og sveitarstjórn. Við tejum að fulltrúum beggja sé skylt að ræða við okkur sem beina hagsmunadila áður en aðalskipulag verður ákveðið.

2. Nú nýlega var samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Hamarsheiðar. Nokkrar lóðir voru markaðar þar. Staðarval byggir á útsýni yfir Þjórsá í átt til Heklu. Útsýnið er eitt hið fegursta á Suðurlandi, það mun gjörbreytast og allt gildi frístundalóðanna, í fjárhagslegum eða tilfinningalegum skilningi. Við gerum athugasemdir við að útsýnið til Þjórsár í landi Hamarsheiðar, í landi Víðihliðar og Hamarsholts, hafi ekki verið tekið með í reikninginn, en í umhverfismati og gögnum Landsvirkjunar er aðeins vikið að sumarbústöðum í landi Haga og Fossness. Engu að síður er Víðihlið elsta húsið á svæðinu, sem valinn var staður vegna útsýnis og náttúrufegurðar. Við förum fram á að útsýnisþátturinn, sem og aðrir þættir sem valdið geta eignatjóni, verði metnir þar sem það á við, og kynningu aðalskipulags frestað þar til það hefur verið gert. Þá verði tjón sem sveitarstjórn stuðlar að með ákvörðunum sínum bætt eftir því sem við á.

3. Enn virðist ekki vera að fullu ljóst, að minnsta kosti ekki nákvæmlega kynnt, hvar vegarstæði Þjórsárdalsvegar frá Fossnesi að Haga verður, né heldur frá Fossnesi að Mínnu-Núpi. Eftir því sem næst verður komist á að reyna að halda veginum á svipuðum slóðum, en hann hann hækkar umtalsvert. Útlit er fyrir að vegarstæðið verði verra en nú einkum í vetrarfærð. Verður vegur á upp á varnargörðum? Hvar verður farið yfir Þverá? Við sem ferðumst nær daglega, ýmist akandi eða með ýmsu öðru móti, frá Hamarsheiði í átt til Þjórsárdals teljum miklu skipta að fá betri upplýsingar um hvar leiðir liggja að loknu jarðraskinu mikla sem framundan er. Hvar verða gönguleiðir og hjólastígar. Hvar verða reiðleiðir? Ástæða er til sérstakrar kynningar á þessum hluta málsins meðal íbúa og frístundabúa í sveitinni áður en aðalskipulag verður ákveðið. Við förum fram á þetta hér með.

4. Ljóst virðist að landgæði næstu nágrannajarða okkar rýrna til verulegra komi Hagalón, rask sem því fylgir og nýir vegir. Við vitum ekki annað en að þær jarðir séu þegar fullnýttar til búskapar. Breyting hlýtur að hafa í för með sér að að búin dragast saman, búskapur hætti eða að leitað verði til nágrannajarða um beit og slátt. Jarðirnar Hamarsheiði 1 og 2 hafa um árabíl verið nýttar úr nágrenninu. Með virkjunum hlýtur sú

þörf að fara vaxandi. Því vekur furðu að Landsvirkjun og sveitarstjórn skyldu hvorug hafa boðið eigendum Hamarsheiðar að fylgjast með þessu. Tækifæri til landnotkunar þar skertist verulega á síðasta ári þegar önnur jörðin var seld. Við gerum athugasemdir við að Landsvirkjun sem ávalt talar um fullt samráð við heimamenn, skuli hafa litið framhjá þessu. Þetta á ekki síður við sveitarstjórn sem hlýtur að hafa skyldu til að leita allra leiða til að bæta tjónþolum skaðann, þannig að búskapur geti haldið áfram sem minnst breyttur á þessu svæði.

4. Umhverfismat vegna framkvæmdanna er fjögurra ára gamalt. Það mat hlýtur að vera orðið úrelt, vegna fjölmargra breytinga sem orðið hafa ekki aðeins í nágrenni Þjórsár heldur einnig í viðhorfum og aðstöðu íbúa Árnes- og Rangárvallasýslu og alls almennings á Íslandi. Enn einkennilegra er að hægt sé að styðjast við fjögurra ára gamalt plagg, af því að framkvæmdaáætlanir sem umhverfismatið tekur til hafa breyst verulega frá því matið var gert og eru enn að breytast. Við gerum athugasemdir við að sveitarstjórnin skuli vilja byggja aðalskipulag sitt á gömlu gögnum sem vitað er að standast ekki miðað við stöðu dagsins í dag og skorum á hana að biðja um nýtt umhverfismat.

5. Staða okkar sem frístundabænda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er alls ekki nægilega skýr. Við greiðum okkar opinber gjöld, en verðum ekki vör við að sveitarstjórnin telji okkur eiga rétt til áhrifa eins og aðra í samfélaginu. Þetta kom skýrt fram á Árnesfundinum, þar sem var margt fólk í okkar stöðu. Við gerum athugasemd við að vera ekki talin með þegar teknar eru ákvarðanir sem okkur varða eins og aðra íbúa og landeigendur og velunnara Gnúpverjahrepps. Hér með er óskað eftir því að sveitarstjórn taki upp samstarf og samskipti við okkur sem frístundabændur í þessu máli - og öllum öðrum málum sem okkur varða.

6. Okkur þykir mikið vanta á að fyrir liggi nákvæmar og vel unnar upplýsingar um stór atriði í málin og þeir fimm liðir sem áður eru taldir eru aðeins lítt hluti þess sem enn er óljóst. Við förum fram á að sveitarstjórnin afli sér upplýsingar um meðalverð á jörðum á þessu svæði án framkvæmda - og einnig að hún láti meta breytingar á jarða- og fasteignaverði komi til framkvæmdanna. Þar er ekki nóg að reikna verð jarða sem liggja að Þjórsá, heldur þarf að verðleggja allar jarðir í nágrenninu frá ólíkum forsendum. Sömuleiðis hlýtur að þurfa að endurmeta lóðaverð sumarhúsa og huga að bótaskyldu vegna tjóns sem sumarhúsa eigendur - ekki aðeins næst ánni - geta orðið fyrir. Við hljótum líka að óska eftir nákvæmum rannsóknum á áætluðum breytingum á náttúrufari, lofthita, foki, grunnvatnsstöðu, fuglalífi, áhrif á dýralíf að öðru leyti og allar aðrar breytingar sem verða á mannlífi og náttúru í þessari sveit, ef Þjórsá, slagæð sveitarinnar verður stífluð.

Niðurlag:

Við krefjumst þess fyrst og fremst að fallið verði frá þessu aðalskipulagi og frekari virkjanaframkvæmdum í Þjórsá alfarið hafnað.

Til vara gerum við þá lágmarkskröfu að málið verði unnið á vandaðan hátt og í samvinnu við alla sem hlut eiga að máli, á grunni nýrra upplýsinga og nýrra viðhorfa. Við krefjumst þess að sveitarstjórn hlýði á öll sjónarmið og vinni með sveitungum sínum og almenningi í landinu.

Þá förum við fram á að upplýsingafundur á vegum sveitarstjórnar verði öllum opin og

sérstaklega boðaður öllum þeim sem eiga beina hagsmuni á svæðinu. Vart þarf að taka fram að slíka kynningu ber að halda, áður en frestur til að skila athugasemdum rennur út. Við lítum á það sem sjálfsagða kröfu að frestur til að gera athugasemdir verði framlengdur minnst hálfan mánuð fram yfir kynningarfundinn og gerum alvarlegar athugasemdir við að kynning á vegum sveitarinnar skuli ekki hafa farið fram fyrr.

Að lokum áskiljum okkur rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn, reynist þörf á því.

Við óskum eftir viðbrögðum sveitarstjórnar og svari við öllum ofangreindum liðum og lýsum okkur reiðubúin að mæta á fulltrúum sveitarstjórnar og tjá okkur nánar um athugasemdirnar og önnur gögn sem ræða þyrfti eða eiga eftir að koma fram vegna málsins.

Með vinsemd og virðingu.

Björg Eva Erlendsdóttir

Björg Eva Erlendsdóttir, kt. 181260 4759

Handritun 3 105 R

J. M. Öxnevað

Jóhanna Margrét Öxnevað, kt. 22053 66109

Handritun 3

101 R

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Arnessýslu

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttakið

Efni: Athugasemd við auglýstar breitingar á aðalskipulagi Skeiða og Gnúpverjahrepps
2004-2016.

Ég undirritaður geri athugasemd við lónhæð Hagalóns og tel að vel mætti lækka
vatnsborð um nokkra metra og þar með bjarga miklu af ásynð þess svæðis sem annars
færi undir vatn.

Undirritaður:

Johannes H. Vigundsson

Stólfubótum

011069-4289

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttakið

Hamarsheiði
26. febrúar 2007

Með bréfi þessu geri ég eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem auglýstar hafa verið.

1. Samkvæmt 17. gr. skipulags- og byggingarlaga skal tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því kynnt íbúum sveitarfélagsins hvað varðar markmið og forsendur á opnum fundi eða á annan fullnægjandi hátt áður en hún er tekin til formlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar. Þetta hefur ekki verið gert né heldur haft lögbundið samráð við íbúa samkvæmt ákvæðum 9. greinar sömu laga. **Því lýtur athugasemd mín að því að sveitarfélaginu beri að kynna breytinguna á löglegan hátt og auglýsa tillöguna í framhaldi af því. Fer ég því fram á að það verði gert.**
2. Fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá fela í sér stórfelldar framkvæmdir og rask sem eru líklegar til að hafa veruleg og óæskileg áhrif á nánasta umhverfi. Afla þarf mun betri gagna en gert hefur verið um möguleg áhrif, s.s. á nærveður, t.d. vegna kælingar og einnig vegna vatnafars á öðru landi en því sem fer undir vatn s.s. með breyttri grunnvatnsstöðu. Nauðsynlegt er að tillögurnar og ítarleg gögn um áhrif þeirra séu kynnt ítarlega fyrir hagsmunaaðilum. Einnig er minnt á að í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar frá 19. ágúst 2003 kemur fram að stofnunin telur að verulegur munur sé annars vegar á heildaráhrifum virkjunar í tveimur þrepum með Hvammsvirkjun og Holtavirkjun og hins vegar virkjunar í einu þrepi með Núpsvirkjun. Virkjun í einu þrepi sé ótvírætt ákjósanlegri kostur einkum hvað varðar sjónræn áhrif, áhrif á landnotkun, gróður og fugla. Skipulagsstofnun telur að áhrif Núpsvirkjunar og Hvammsvirkjunar á þessa umhverfisþætti séu í meginatriðum sambærileg en að áhrif af byggingu Holtavirkjunar og mannvirkjum henni tengdri komi að verulegu leyti til viðbótar þeim áhrifum sem annars myndu hljóta af virkjun í einu þrepi. **Krafa mín er sú að sveitarstjórn afli traustra og nákvæmra upplýsinga um ofangreind atriði og kynni niðurstöðurnar opinberlega áður en fyrirhugaðar breytingar verða teknar til formlegrar afgreiðslu.**
3. Það er óumdeilanlegt að fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá munu breyta verulega ásýnd landsins. Bæði lónin eru stór og þeim fylgja háir og langir stíflugarðar. Einnig hafa breytingar á rennsli Þjórsár veruleg sjónræn áhrif, sömuleiðis áform um uppgræðslu lands sem þornar upp vegna framkvæmdanna og veruleg hættu er á að mikil lýti verði af haugstæðum sem gert er ráð fyrir vegna þess mikla magns af efni sem koma þarf fyrir – var ekki haugmagnið fyrst og fremst í hinni útfærslunni, þegar þurfti að grafa út göngin?. Flúðir, eyjar og sker, sem talin eru hafa verndargildi að mati Umhverfisstofnunar, ýmist hverfa eða skerðast verulega og þekkt kennileiti og auðkenni glatast. Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein hérlendis og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á síðustu árum, samhliða einnig ört vaxandi frístundabyggð. Í greinargerð segir að lónið muni hafa nokkur áhrif á frístundabyggð og er þá einungis fjallað um landmissi þeirra sumarhúsalóða sem fyrir eru. Ekki er gerð tilraun til að meta áhrif framkvæmdanna á aðstæður íbúa frístundahúsanna að öðru

leyti né heldur er lagt mat á hvaða áhrif framkvæmdirnar geta haft á mögulega uppbygginga frístundahúsa í framtíðinni. Engin umfjöllun er um möguleg áhrif framkvæmdanna á ferðapjónustu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en ætla má að það rask sem fylgja mun framkvæmdunum og þær breytingar sem verða á ásýnd sveitarinnar til frambúðar geti haft veruleg og neikvæð áhrif á áhuga ferðamanna til að heimsækja sveitina, bæði meðan á framkvæmdum stendur og eins eftir að þeim lýkur. Minnt er á að lög um umhverfismat áætla gera kröfur um að áhrif skipulagstillagna á umhverfið séu metin, s.s. áhrif á samfélag, eignir, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, vatn, veðurfar, náttúru- og menningarminjar og landslag og samverkan þessara áhrifa. **Hér er því farið fram á að framangreind atriði verði könnuð og metin áður en formleg afgreiðsla fer fram.**

4. Samkvæmt breyttu aðalskipulagi þarf að gera úmtalsverðar breytingar á vegarstæði Þjórsárdalsvegur og Gnúpverjavegur þar sem hluti þeirra fer undir fyrirhugað lónsstæði. Upplýsingar um þær breytingar sem gera þarf eru ekki settar fram þannig að mögulegt sé að sjá hvar vegurinn muni liggja eða hvaða áhrif hann mun hafa á samgöngur, landnotkun eða umhverfi. **Því fer ég fram á að þetta verið skýrt nákvæmlega áður en fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi verða teknar til formlegrar afgreiðslu.**

Eins og fram kemur í fyrstu athugasemd minni fer ég fram á að sveitarfélagið kynni breytingar á aðalskipulagi á löglegan hátt og auglýsi það á nýjan leik. Ef ekki verður orðið við þeirri kröfu áskil ég mér rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn.

Að lokum óska ég eftir því að ég fái að tjá mig um athugasemdir og önnur gögn sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins og einnig önnur gögn sem sveitarstjórn kann að afla sjálfstætt.

Virðingarfyllt

Margrét Erlendsdóttir frá Hamarsheiði I í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



kt. 310566 5439

Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnassýslu
01. mars 2007
Móttekið

27. febrúar 2007.

Efni: Breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Við undirrituð, íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi erum andvíg þeim breytingum sem auglýstar hafa verið á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þar sem gert er ráð fyrir virkjunarlónum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Jon Friðrik Sigurðsson Réttarholli

Kolbrunn Kristjánsdóttir Réttarholli

Pétur Ingi Haraldsson
Skípulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Skípulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

28. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskípulagi Skeiða – og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Ég undirrituð geri eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskípulagi vegna Hvamms – og Holtavirkjunar.

Ég tel að breytingarnar muni valda óafturkallanlegu raski á náttúrufari í kringum Þjórsá.

Ég vill þess vegna hvetja sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanri í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskípulagi Skeiða – og Gnúpverjahrepps 2004- 2016.

Nafn: *Mariel Janire Toth Schougaard* Heimili: *Ásólfast aðir* Kt: *0503762065*

Mariel Janire Toth Schougaard

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnassýslu

01. mars 2007

Móttekið

Reykjavík, 27. febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn


**Efni: Athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 –
2016.**

Ég undirritaður, óska eftir að ráðamenn ihugi af fullri alvöru þau geigvænlegu náttúruspjöll sem þeir eru á leiðinni með að vinna, með því að byggja uppistöðulón vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á einum af fallegasta stað í byggð á suðurlandi.

Mér er málið skilt þar sem móðir mín á eitt sumarhúsið úr landi Haga og hef sjálfur verið iðinn við uppbyggingu bæði á húsum og landi.

Með fyrirhuguðum framkvæmdum er verið að setja í kaf alla þá hólma og sker sem eru ýmist skógi eða grasi vaxin, fallegar klappir og flúðir og alla þá fegurð sem áin Þjórsá hefur þar upp á að bjóða. Fyrir þetta fengjum við brúnleitt jökullón með öllum sínum kulda.

Með von um að þið sjáið að ykkur.


Jón B. Jónsson
Dúfnahólum 2, 111 Reykjavík
Kt. 050178-5289

01. mars 2007

Móttekið

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Birgir Sigurðsson
Bergstaðastræti 74a
101 Reykjavík

280837-237

25. febrúar 2007

Undirritaður leyfir sér hér með að gera eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu um breytingar á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Nútíminn ber þess skýr merki að ný viðhorf eru að vaxa fram, ný lífssýn sem felur í sér að velferð náttúrunnar sé í raun velferð okkar sjálfra. Vandí okkar er hinsvegar sá að við lifum af auði lífríkisins. En öll nýting þessa auðs ætti að miðast við að valda ekki varanlegu tjóni á náttúrunni, hvað þá heldur þeim þáttum hennar sem eru dýrmætir vegna fegurðar eða sérstöðu. Á Íslandi er nýting og arðsemi slíkra svæða orðin þýðingarmikill þáttur í mannlífi og efnahagslífi margra sveitarfélaga, svosem vegna útivistar og ferðamennsku. Víða hefur þessi breyting átt sér stað á undraskömmum tíma, síðastliðnum 10-15 árum. Nægir í því sambandi að nefna nýjar ferðaleiðir, gönguleiðir og reiðleiðir þar sem áður voru fáfarnar slóðir. Þetta á ekki aðeins við um svæði í óbyggðum heldur einnig og jafnvel ekki síður í byggð. Því víða hagar þannig til að hægt er að komast í snertingu við náttúruna þótt í byggð sé. Við blasir að arðsemi og nýting slíkra svæða í byggð eða við byggð verður þegar fram í sækir, og rétt er á málum haldið, miklu margbrotnari og arðsamari en hún er í dag. Jafnframt er ótvírætt að gildi slíkra svæði fyrir menn sem þar búa hefur aukist til mikilla muna; þau eru orðin stærri hluti af lífsgæðum þeirra. Þetta hefur leitt til viðhorfsbreytinga: Fólk getur ekki lengur sætt sig við að nánasta umhverfi þess sé umturnað eða náttúrugæðum þess spillt nema ríkir og tvímælalausir almanna- eða þjóðarhagsmunir krefjist þess.

Nú er svo komið að stjórnvöld komast ekki hjá að taka tillit til margvíslegra náttúruverndarsjónarmiða gagnvart óbyggðum sem vart voru talin skóbótar virði fyrir fáeinum áratugum af þeim sem með völdin fóru. Nægir í því sambandi að nefna Þjórsárver. Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga hafa einnig orðið að taka tillit til náttúrugæða innan sinna vébanda sem eðlilegs og ómissandi þáttar í velferð íbúanna. Allt er þetta í raun runnið af einum og sama meiddi; að velferð náttúrunnar sé í raun velferð okkar sjálfra. Þetta eru þau viðhorf sem eru sífellt að verða fyrirferðarmeiri í lífi nútímafólks, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, og ábyrgð stjórnvalda á hverjum stað vex að sama skapi varðandi þessa mikilvægu þætti í velferð manna í nútíð og framtíð. Bæði hagfræðileg og tilfinningaleg sýn til náttúrugæða á hverjum stað verður því að byggjast á langtímasjónarmiðum.

Undirritaður bjó um átta ára skeið í Gnúpverjahreppi og var þar viðloðandi nokkrum árum lengur. Í vitund hans og margra annarra er Þjórsá einn þýðingarmesti þátturinn í ásýnd sveitarinnar; þessi ásýnd á ríkan þátt í því að gera sveitina aðlaðandi, bæði fyrir þá sem búa þar og þá sem heimsækja hana. Gersemar árinna; fossar, flúðir, eyjar og bakkar sem þetta niðandi stórflyót hefur mótað í aldanna rás er dýrmætur hluti af heimkynnum manna í sveitarfélaginu. Þótt flest annað í þessum heimkynnum hafi tekið breytingum hefur ánni sjálfri, rennsli hennar og farvegi í byggð ekki verið spillt. Þar er hún enn hluti af náttúrulegum heimkynnum þeirra sem í sveitarfélaginu búa.

Í sambandi við þær breytingar á rennsli og farvegi Þjórsár sem hér um ræðir komast sveitarstjórnarmenn ekki hjá að taka mið af þeirri járnhörðu staðreynd að þær fela í sér rask á náttúru og ásýnd sveitarinnar sem aldrei verður aftur tekið. Ábyrgð sveitarstjórnarmanna er því afar mikil, ekki aðeins gagnvart þeim sem nú lifa heldur einnig hinum ófæddu. Hverju er verið að fórna í nútíð og framtíð? Hver er ávinningurinn fyrir þá sem nú lifa í þessu sveitarfélagi og alla þá sem ófæddir eru og eiga eftir að lifa þar? Er hann svo mikill að hann afsaki fórnina?

Með tilliti til þeirra langtímasjónarmiða sem verða að gilda um svo mikil náttúrugæði sem hér eru í húfi verður ekki séð annað en hér sé miklu fórn að fyrir lítið sem ekkert, ef af þessum virkjunarframkvæmdum verður.

Hverjir eru þá þeir almanna- eða þjóðarhagsmunir sem krefjast þess að sveitarfélagið færi þessa fórn? Svarið er einfalt: Þeir eru ekki fyrir hendi. Í stórum dráttum er hér aðeins um að ræða hagsmuni tveggja fyrirtækja; Landsvirkjunar og álversins í Straumsvík. Og meira að segja alls óvíst hvort af stækkun álversins verður. Hvað ætlar Landsvirkjun þá að gera við rafmagnið? Selja einhverjum það.

Er það virkilega svo að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps sé reiðubúin að fórna dýrmætum náttúrugæðum sveitarfélagsins fyrir hagsmuni þessara tveggja fyrirtækja sem þar á ofan eru í meira lagi óvísir? Er það virkilega svo að sveitarstjórnin sé tilbúin að stórskaða ásýnd Þjórsár í nánustu heimkynnum íbúanna bara vegna þess eins að þar bjóðast hagkvæmir virkjunarkostir?

Ef svo verður hefur sveitarstjórnin í þessu máli borið hagsmuni sveitarfélagsins og velferð íbúanna fyrir borð. Og því vill undirritaður ekki trú á að óreyndu.

Með geysilegri, langvinnri og harðvítugri baráttu tókst að bjarga djásni íslenska hálandisins, Þjórsárverum, frá því að verða skaðskemmd. Þar áttu íbúar sveitarfélagsins hvað stærstan hlut að máli. Þeir hafa þar með öðlast veglegan sess í náttúruverndarsögu Íslands. Efri hluti Þjórsár hefur verið virkjaður með tilheyrandi raski. Mál er að linni.

Undirritaður hvetur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eindregið til að fella áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Virðingarfyllt



Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

25. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn.

Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sínum í göng eða skurði, eða í hana verða settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Við sættum okkur ekki við það. Hagaey og Ánesi verður sökkkt að hluta. Minna-Núpsólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Anddyri Þjórsárdals verður sökkkt.

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu.

Hætt er við að stoðum verði kippt undan ferðaþjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta.

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða.

Veiði hefur verið stunduð í net í áratugi og hin síðari ár einnig á stöng. Óttumst við framhald þeirra hlunninda og sjáum við ekki að mótvægisáðgerðir framkvæmdaáðila gangi upp.

Niður Þjósár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur áriðurnir verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra. Frá bæjarhlaði mínu séð hef ég fyrir augunum flúðirnar við flóðgáttina, Þrándarholtsflúðir og niðinn í Búðafossi sem gefa vísbendingu um veðrabrigði.

Áhyggjur höfum við af uppblæstri í Þrándarholtshólma, Miðhúsahólma og Árnesi, sem við höfum daglega fyrir augum okkar og gerir ekki annað en að fegra útsýnið. Búast má við að víðáttumiklar sandeyrar verði á þurru með tilheyrandi fokhættu í hinum breiða farvegi árinna.

Óttumst við verulega röskun fuglalífs á Þjósá með breyttum vatnsfarvegi og teljum að fyrirmynd Ásgríms Jónssonar af tveimur Lómum við Þjósá muni hverfa. Gríðarleg umferð og ónáði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjósáhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Við viljum að sveitin sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir þessum stórfamkvæmdum. Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjósár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við áskiljum okkur rétt til að senda inn frekari upplýsingar, rökstuðning og gögn.

Einnig óskum við eftir að við fáum að tjá okkur um athugasemdir og önnur gögn sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins og einnig gögn sem sveitarstjórn kann að afla sjálfstætt.

| Nafn: | Heimili: | Þó / Selvoll Kt. |
|---------------------------|-------------|---------------------|
| Strafurvitau Ágústsdóttir | Stöðulfelli | 0109572069 |
| Oddur Guðni Bjarnson | Stöðulfelli | 2007552869 |
| Kristín Oddsdóttir | Stöðulfelli | 1811843459 |
| Cnili Vidar Oddsson | Stöðulfelli | 1601834899 |
| Bryndís Oddsdóttir | Stöðulfelli | 050389-2439 |

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

25. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn.

Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sínum í göng eða skurði, eða í hana verða settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Við sættum okkur ekki við það. Hagaey og Ánesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpsbólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Anddyri Þjórsárdals verður sökkt.

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu.

Hætt er við að stoðum verði kippt undan ferðaþjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta.

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða.

Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur áriðurinn verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra.

Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Við viljum að sveitin sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir þessum stórfamkvæmdum.

Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Nafn:

Heimili:

Kt.

Sigrún Ragnvaldal.
Kristinn Stefánsson

Langahlíð 19 Þek
Langahlíð 19

070259 - 4009
100569 - 4699

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. márs 2007

Móttekið

Hjörleifur Guttormsson
Vatnsstíg 21 (1101)
101 Reykjavík
Netfang: hjorleifur@eldhorn.is

28. febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004–2016.

Undirritaður hefur kynnt sér auglýsta tillögu um breytingar á aðalskipulagi vegna tveggja virkjana í Þjórsá, Hvamms- og Holtavirkjana. Ég leyfi mér að skora á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að falla frá tillögunni og vísa á þessu stigi til eftirfarandi rökstuðnings:

1. Með umræddum virkjunum er raskað rennsli og ásýnd Þjórsár á um 50 km löngum kafla, ánni veitt úr farvegi sínum, settar í hana stíflur og mynduð miðlunarlón. Aðgerðir þessar munu setja óafmáanlegt mark sitt á ána og umhverfi til tjóns fyrir náttúru svæðisins og búsetumöguleika alinna og óborinna kynslóða.
2. Með framkvæmdaáformum þessum er ógnað landspekktum og verðmætum náttúruminum, m.a. fossunum Búða, Hestfossi og Urriðafossi, þeim síðastnefnda steinsnar frá Þjóðvegi 1. Raskað yrði gróðursælum hólum í ánni og farvegur hennar þurrkaður með tilheyrandi hættu á áfoki og uppblæstri.
3. Landslagi á stóru og fjölförnu svæði yrði raskað allt frá mynni Þjórsárdals til sjávar og myndi það hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu, frístundabyggð og líf fólksins í viðkomandi sveitum.
4. Lanbúnaðarlandi yrði eytt og skilyrði fólks á viðkomandi jörðum skert og búsetu raskað.
5. Með virkjunarframkvæmdunum yrði tekin óhófleg áhætta fyrir fólk neðan virkjananna vegna jarðskjálfta- og flóðahættu en fyrirhuguð mannvirki eru á einu virkasta jarðskjálfta- og jarðsprungusvæði landsins.
6. Með myndun umræddra miðlunarlóna yrði enn frekar en orðið er tekið fyrir aurstreymi Þjórsár til sjávar sem haft getur neikvæð áhrif á vöxt og viðgang nytjastofna á verðmætum fiskimiðum og einu helsta hrygningarsvæði þorsks á Íslandsmiðum.
7. Minnkaður aurburður jökulvatna eins og Þjórsár dregur jafnframt úr bindingu sjávar á gróðurhúsalofti og upptökuhæfni á gróðurhúsalofttegundum úr andrúmslofti.

8. Fyrir umræddum virkjunum eru engin frambærileg þjóðhagsleg rök og sala á orku frá þeim til mengandi stóriðju með tilheyrandi stórfelldri losun gróðurhúsalofts gengur gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og þörf fyrir aðgerðir í gagnstæða átt.

Með vísan til ofangreindra atriða, ákvæða stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar svo og náttúruverndar- og umhverfissjónarmiða telur undirritaður ótækt með öllu að fallast á umræddar skipulagsbreytingar.

Ég leyfi mér að vísa til innsendra athugasemda, lagatilvísana og annars rökstuðnings Atla Gíslasonar hrl, Birkimel 6, 107 Reykjavík og Sigbrúðar Jónsdóttur Eystra-Geldingaholti 1, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og geri þeirra fyrirvara og ákilnað að mínum.

Jafnframt áskil ég mér rétt til frekari rökstuðnings í málinu og til að senda inn fleiri gögn og upplýsingar til stuðnings ofangreindum sjónarmiðum.

Virðingarfyllt

Hjörleifur Guttormsson
kt. 311035-6659

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Eystra-Geldingaholti, 27. febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ég, Margrét Eiríksdóttir, er fædd og upp alin í Steinsholti og síðan 1950 hef ég rekið bú í Eystra-Geldingaholti. Ég met mikils landslag og náttúru þessarar sveitar og get ekki hugsað mér þær landslagsbreytingar sem felast í auglýsingu um breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Máli mínu til stuðnings nefni ég:

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Í mínum huga er Þjórsárdalur gersemi sem ber að vernda. Umrætt svæði, sem nú er rætt um að sökkva, er anddyri Þjórsárdals. Svæðið er líka anddyri að hálandi Íslands. Tilhugsunin um að aka upp sveitina þegar búið verður að raska öllu meðfram Þjórsá er óbærileg.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Ég sætti mig ekki við það. Hagaey og Arnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpsólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Eyjarnar hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Mikil umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á fyrirhuguðu brólti stendur liggja ekki fyrir, a.m.k. hafa þær ekki verið kynntar.

Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir. Við höfum ekki leyfi til að eyðileggja slíkar perlur, leyfum afkomeðum okkar að njóta þeirra. Útivistarsvæðin í grenni Þjórsár verða ekki svipur hjá sjón. Það er verið að verðfella sveitina okkar um alla eilífð. Ég sætti mig ekki við það.

Svo lengi sem elstu menn muna hefur safn Gnúpverja runnið fram sveitina þessa fögru leið. Á nú að eyðileggja hluta af stemningunni í kringum réttirnar. Og hvar á að reka safnið?

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða. Landeigendum jarða sem ligga að Kálfá hefur ekki verið gerð grein fyrir hvaða áhrif breytingar á Þjórsá hafa á lífríki þeirra áa sem í Þjórsá falla.

Í gegnum aldirnar hefur niður Þjórsár hljómað í eyrum fólksins í sveitinni. Á mörgum bæjum var hlustað á árniðinn til að átta sig á veðrabrigðum og voru þessi náttúruhljóð tekin mjög alvarlega. Það verður mikið af okkur tekið ef við getum ekki sjálf farið út, spáð í veðrið og hlustað á náttúruna.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslftill. Það er ekki skemmtileg tilhugsun að aka upp sveitina fögru í sandstormi upp úr farvegi Þjórsár.


Mín kynslóð man fátækt, eldiviðarskort og ljósleysi. Í allsnægtum nútímans er engin ástæða til að eyðileggja náttúru og landslag nema græðgin ein ráði för.

Framkvæmdin snertir hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara okkar sem búum hérna á svæðinu. Þær snerta ekki síður þá sem eiga eftir að lifa í þessu landi. Ein til tvær kynslóðir geta ekki leyft sér að virkja allt sem virkjanlegt er. Komandi kynslóðir getu fengið betri hugmyndir um nýtingu landsins en stíflugarða og lón. Við höfum ekki leyfi til að fullnýta allar okkar auðlindir. Við höfum landið aðeins og láni og eigum að skila því til komandi kynslóða.

Ég óska þess að mín fallega sveit fái að vera í friði, meðan ekki vantar rafmagn til að tryggja búsetu og almannahag í landinu. Ég er á móti þessum framkvæmdum vegna þess að ég elska landið mitt.

Vegna þessa sem hér hefur verið talið skora ég á hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Virðingarfyllst,


Margrét Eiríksdóttir, Eystra-Geldingaholti

121225-2639

Skipulagsfulltrúi
Pétur Ingí Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu
01. mars 2007
Móttekið

Eystra- Geldingaholti 1, 25. febrúar 2007.

Athugasemdir við auglýstar breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ég geri alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem auglýstar hafa verið á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í þeim tilgangi að þar verði heimilað að mynda Hagalón og Arneshól og önnur mannvirki vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Með þessum mannvirkjum verða lífsgæði mín skert og mun ég nú rekja ástæður þess. Búseta á að vera val hvers manns. Hér hef ég valið að búa vegna þess umhverfis sem hér er, sérstaklega vegna fagrar náttúru og friðar og gríðarlega mikilla möguleika til útivistar í náttúrulegu umhverfi og til heilsusamlegs líffernis.

Athugasemir mínar grundvallast einnig á borgaralegum réttindum mínum sem koma fram í 1. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 en þar segir: *“Markmið laga þessara er: að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,”*

Ég sætti mig ekki við að landslagi við Þjórsá verði gjörbreytt. Lónin tvö munu kaffæra land, þar með talið gróið land. Ísland hefur ekki efni á að tapa meira af sinni upprunalegu gróðurþekju, en frá landnámi hefur stöðugt gengið á jarðveg og gróður og er hann nú aðeins um helmingur af því sem áður var. Við gróðureyðingu tapast einnig kolefni úr jörðu og eykur það á koltvíoxíð í andrúmslofti.

Á öðrum stöðum verður Þjórsá veitt úr farvegi sínum og þar verður grátt og lifvana ör í landinu og breiður farvegurinn verður uppspretta fokks af sandi og aur sem enn eykur hættuna á gróðureyðingu í nágrenninu. Ekki verður hægt að græða farveginn upp þar sem stundum þarf að hleypa vatni eftir honum. Búsetuskilyrði lifvera verða því óstöðug. Að auki er vatnslaus farvegurinn óeðlilegur og ljótur.

Ég mótmæli því að þrjár fossar Þjórsár verði skemmdir. Með því verður svæðið fátækra.

Niður Þjórsár er mér mikil virði og sérstaklega hljóðin í Búða og Minna-Núpsflúðum. Þeim hljóðum fylgir aldagömul aðferð við að spá í veðrið sem er hluti af gömlum mennigararfi. Verði af umræddum virkjunahugmyndum mun hvorki heyrast framur í Búða né Minna-Núpsflúðum.

Í 1. grein Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, segir enn fremur um markmið laganna: *“að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,”*

Þær breytingar sem að ofan er lýst tryggja ekki varðveislu náttúru- og menningarverðmæta, koma ekki í veg fyrir umhverfisspjöll og geta ekki fallið undir skilgreiningu á sjálfbærri þróun sem

byggist á því athafnir núlifandi manna geri þeim kleift að mæta nútíma þörfum, án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Sjálfbær landnýting er hluti af sjálfbærri þróun sem byggist á því að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar né eðlileg framvinda hennar hömluð, þannig að hver kynslóð skili landinu í sama, eða betra ástandi en hún tók við því. Gjörnýting eða tortíming á landi samræmist ekki hugtakinu um sjálfbæra þróun.

Í lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2 /1993, sem Ísland er aðili að, stendur í fylgiskjali nr. 1:

HAFÁ EINSETT SÉR (aðildarríkin) að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða;

Ennfremur vísa ég í 73. gr., 74. gr., og 75. gr. laganna.

Umræddar framkvæmdir munu eyða landbúnaðarlandi. Með það í huga vísa ég í Jarðalög nr. 81/2004, en markmið þeirra er m.a. að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

Flutningur Þjórsár úr sínum farvegi er brýnt brot á þeirri meginreglu að vötn skuli renna þar sem þau hafa að fornu runnið. Landsvirkjun hyggst hins vegar breyta rennsli og rennslisleið árinna.

Það er óhjákvæmilegt að verðmæti fasteigna sem skipulagið tekur til muni lækka, nýtingarmöguleikar þeirra skerðast frá því sem áður var og að þær muni rýrna svo að þær nýtist ekki til sömu nota og áður. Það blasir við að hið breytta skipulag muni valda tjóni sem sveitarfélagið ber ábyrgð á, sbr. 33. gr. Skipulagslaga nr. 73/1997. Breytt skipulag kann einnig að leiða til þess að Landsvirkjun muni kefjast eignarnáms yfir viðkomandi fasteignum sem liggja að fyrirhuguðum virkjunum og lónum. Það eru hins vegar flestir sammála um það að skilyrði til eignanáms vegna almannaheilla sé ekki fullnægt. Það er augljóst að breytingin gengur gegn almannaheill, hvernig sem á málið er litið.

Ég fer fram á það að sveitarstjórn afli traustra og nákvæmra upplýsinga um allt það sem er óljóst svo sem breytinga á veðurfari umhverfis lónin, vatnafari á landi utan lónanna, grunnvatsnstöðu, varnargarða einkum m.t.t. jarðskjálftavirkni á svæðinu, um leka og sprungur í lónsstæðunum og um áhrif þess að tekið sé fyrir rennsli Þjórsár eftir sínum eðlilega farvegi. Án þeirra gagna er ekki hægt að taka ábyrga ákvörðun í málinu.

Það er brýnt að sveitarstjórn afli samninga um sölu á vatnsréttindum til Titanfélagsins sem Landsvirkun kveðst draga rétt sinn frá. Sérstaklega er óskað eftir því að þessum samningum og öðrum tengdum gögnum verði þegar í stað send til mín og til þeirra sem kunna að gera athugasemdir við auglýstar breytingar á skipulagi.

Að lokum vil ég minna á markmið Skipulags- og byggingarlaga, nr 73/1997, eins og það kemur fram í 1. gr. og velti fyrir mér hvaða leyfi ein kynslóð hefur til að selja frá sér land sem nýtt hefur verið í meira en 1100 ár og taka út allan arð í eitt skipti fyrir öll, vegna einnar framkvæmdar sem hefur mikla eyðileggingu á landi og náttúru í för með sér og rýra þannig möguleika komandi kynslóða til landnýtingar.

Ég óska eftir því að fá að tjá mig um athugasemdir og önnur gögn sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins og einnig gögn sem sveitarstjórn kann að afla sjálfstætt. Um frekari rök vísa ég til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum 7. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 15. gr, 21. gr. og 22. gr.

Ég áskil mér rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn. Einnig vísa til athugsema allrar þeirra sem kunna að leggjast gegn hinu auglýsta breytta skipulagi og geri röksemdir þeirra að mínum eftir því sem við á. Jafnframt er áskilinn réttur til skaðabóta.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Jónsdóttir
Sigprúður Jónsdóttir
Eystra-Geldingaholti
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

170562 - 5859

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Selfossi, 27. febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

**Athugasemdir vegna skipulags í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Auglýst í janúar 2007.**

Við undirrituð, eigendur jarðarinnar Miðhús II í Skeiða og Gnúpverjahreppi, leggjumst gegn auglýstum skipulagsbreytingum í hreppnum, sem sveitarstjórn auglýsti 18. janúar sl. í héraðsfréttablaðinu Dagskránni. Við leggjum til að sveitarstjórn hafni því með öllu að heimila þær þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár sem skipulagstillagan tekur til.

Boðaðar skipulagsbreytingar hafa afgerandi áhrif á gæði jarðarinnar Miðhús I og II. Verða hér á eftir nefnd nokkur helstu atriði sem við undirritaðir jarðeigendur óttumst að geti spillt umhverfisgæðum og verðmæti jarðarinnar:

1. Flutningur Þjórsár úr sínum náttúrulega farvegi þar sem meginvatnsmagnið rennur og yfir í Árneskvísl, er framkvæmd sem gjörbreytir ásýnd og notkun jarðarinnar. Búast má við að víðáttumiklar sandeyrar verði á þurru með tilheyrandi fokhættu í hinum breiða farvegi árinna fyrir landi Miðhúsa og beggja vegna Miðhúsahólma.
2. Miðhús eiga land að Kálfá að vestan og tilheyrandi veiðirétt frá ósum og upp að merkjum við Bólstað. Mikil hættu er á því að hvoru tveggja, flutningur Þjórsár úr farvegi sínum vestan Árness og yfir í Árneskvísl og ekki þó síður bygging Urriðafossvirkjunar stórspilli eða jafnvel eyðileggi með öllu gengd sjógöngufiska á svæðið. Óljóst er með öllu hvernig gengi að tryggja eðlilega fiskgengd upp í Kálfá ef hinn víðáttumikli farvegur Þjórsár fram undan Kálfárósnum verður svo til þurr. Öllu alvarlegra er þó ef tilkoma Urriðafossvirkjunar verður til þess að granda niðurgönguseiðum og sömuleiðis hindra fiskgengd upp ána.
3. Miðhúsum fylgja einnig veiðiréttindi í Þjórsá sem nýtt hafa verið frá örófi alda, enda fékk landnámsmaðurinn Þorbjörn (sá er nam Gnúpverjahrepp og bjó fyrstur að Miðhúsum) viðurnefnið „laxakarll“. Tvær netalagnir hafa Miðhúsabændur lengst af notað en hin seinni ár er stangveiðin alsráðandi og hefur gefið 40-50 laxa árlega auk um 100 silunga (urriða, bleikju og sjóbirtings) samanber innlagðar veiðiskýrslur. Í

ferskvatnstaumnum og á mótum ferskvatns og jökulvatns þar sem Kálfá rennur 2-3 km niður frá ósi sínum með Miðhúsabökkum eru ágætir veiðistaðir og án nokkurs vafa einnig hryggninga- og uppeldisstöðvar bæði lax og silungs.

4. Miðhúshólmi, í miðri Þjórsá, hefur um aldir verið náttúrulega einangraður og að mestu varin ágangi búfjár og manna. Undanfarna fjölmarga áratugi hefur hólminn verið alfriðaður og er þar nú mikið griðland fuga og gróðurs. mikið gæsa- og mófuglavarp er í hólmanum og náttúrulegt birki og víðikjarr að breiðast út. Með því að færa megin kvísl árinna verður einangrun hólms og friðun rofin og viðkvæmur villtur gróður í hættu.

5. Miðhúsabakkar eru vel þekkt jarðfræðilegt fyrirbæri (Sjá t.d. rannsóknir Jóhannesar Áskelssonar) og koma við sögu í umfjöllun um ísaldarlokin og menjar eftir hærri sjávarstöðu. Þó bökkunum sem slíkum stafi ekki hætta af umræddum framkvæmdum er þó sú ásýnd þeirra sem þekkt er og aðgengilegar opnur að þeirri merku jarðsögu sem þeir geyma nátengd sambúðinni við Þjórsá. Ásýnd bakkanna mun væntanlega gerbreystast hverfi áin á braut.

6. Bæði sjónræn og efnisleg heildaráhrif virkjanaframkvæmda í neðri hluta Þjórsár með tilheyrandi uppistöðulónum eru að mati okkar undirritaðra mjög neikvæð fyrir sveitarfélagið og svæðið sem slíkt. Við erum því einnig andvíg framkvæmdunum vegna neikværa áhrifa þeirra almennt á svæðinu og þar með talið einnig á jörðina Miðhús.

Með vísan til ofangreinds rökstuðnings leggjum við því til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hverfi frá hugmyndum um hinar auglýstu skipulagsbreytingar og leggist gegn öllum áformum um þær virkjanir í neðri hluta Þjórsár sem áhrif hafa innan marka sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

F. h. Miðhúsa II

Hafdis Marvinsdóttir
Hafdis Marvinsdóttir 310153-7619

Bergný Marvinsdóttir
Bergný Marvinsdóttir 041256-3979

*Gunnarstöðum 1
6 RÍ fátökum*

Sjöfn Marvinsdóttir
Sjöfn Marvinsdóttir 020666-5959

*Barnstjörn 25
800 Self*

Kristinn Marvinsdóttir
Kristinn Marvinsdóttir Statmóa 13 800 Self. 160554-4959

Brynja Marvinsdóttir
Brynja Marvinsdóttir 170562-5699

*Þinganesi 18
800 Self*

Kristrún Marvinsdóttir
Kristrún Marvinsdóttir 231168-5169

*Þingnesi 10
111 R.*

F.h. Miðhúsa I

Halldór Jónsson
Halldór Jónsson

Pétur I. Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu
0 1. mars 2007
Móttekið

Hafnarfirði 1. mars 2007

Efni: Athugasemdir vegna auglýstrar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Sól í Straumi gerir hér með eftirfarandi athugasemdir vegna auglýstrar tillögu að breytingum á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, nánar tiltekið hvað varðar áætlaðar virkjanir í Þjórsá.

Ljóst er að áætlaðar virkjanaframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa veruleg og óafturkræf áhrif á náttúrufar árinna og umhverfi hennar, allt frá Þjórsdal til strandar og jafnvel út á landgrunn. Ekki er nein þjóðhagsleg þörf fyrir orkuna heldur hefur verið gert ráð fyrir að orkan úr þessum virkjunum fari til álframleiðslu Alcan í Straumsvík.

Þjórsá verður á löngum köflum veitt úr náttúrulegum farvegi sínum í göng eða skurði til myndunar uppistöðulóna. Af þessu leiðir að rennsli í árfarveginum stórminnkar, fossar munu skemmast og hætta á sandfoki stóraukast. Þá verður öðrum svæðum sökkt að hluta eða alveg, sbr. t.d. Hagaey og Árnes.

Sól í Straumi hefur haft uppi margvíslegt rök gegn stækkun Alcan í Straumsvík og lagt þeim lið sem haldið hafa uppi málefnalegri andstöðu gegn fyrirhuguðum virkjunum í Þjórsá.

Að framansögðu leggst Sól í Straumi því alfarið gegn frekari virkjunum í Þjórsá og hvetur hér með sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að falla frá áformum um fyrirhugaðar virkjanir og fella þær út úr Aðalskipulagi hreppsins fyrir árin 2004-2016.

Fyrir hönd Sólar í Straumi,

Þröstur Sverrisson

Pétur

From: Haraldur Guðlaugsson [hallig@marel.is]
Sent: 1. mars 2007 23:50
To: petur@sudurland.is
Subject: Athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016
Follow Up Flag: Follow up
Flag Status: Flagged

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu

Pétur Ingi Haraldsson

Góðan daginn!

Ég ætla ekki að gera langa sögu hér en get þó ekki látið vera að senda línu.

Ég er frá Melhaga í Gnúpverjahreppi (sem var) en nú horfir svo að lítið verði eftir af þeim stað ef af framkvæmdum varður. Mér finnst vægast sagt verið að fórna miklu fyrir ansi litla hagsmuni. Starfs míns vegna hef ég verið mikið í Noregi síðustu mánuði og þar hefur þetta borið á góma. Þar hafa þeir reynslu af svona framkvæmdum og hafa sagt komið nó af slíku. Þar sit ég og ræið um að mínir heimahagar í orðsins fylstu merkingu verði brátt settir undir lón til að framleiða rafmagn fyrir meingandi stóriðju sem þeir hafa fengið nó af. Þeir sem um þetta heyra telja þetta mikla skamsýni. Það er jú nauðsinlegt að virkja en til hvers er verið að virkja nú? Er það til að geta selt erlendu stórfyrirtæki orku á það láu verði að þeir mega ekki segja frá því? En þeir stæla sig síðan af því úti í heimi.

Nei þegar rætt er um að sökkva því landsvæði sem ég var alinn upp á þá get ég ekki annað andmælt.

Ég veit ekki hvernig ég á að koma því á framfæri en ég er allavega búinn að gera tilraun. Ég gat ekki fundið neinar leiðeiningar um það á netinu hjá ykkur og er engu líkara en þið séuð að gera mönnum það sem torveldast.

Virðingarfylst:

Haraldur Guðlaugsson (frá Melhaga)

Hryggjarseli 12

109 Reykjavík

Til hreppsnefndar Skeiða og Gnúpverjahrepps
Árnesi.

1d

Eg vill sem íbúi hreppsins krefjast þess, að Urriðafossvirkjun verði tekin af aðalskipulagi hreppsins og að aðrar virkjanir, sem boðaðar hafa verið, Hvams- og Holtavirkjanir verði ekki teknar inn á aðalskipulagið.

Eg tel að virkjanir þessar gangi gegn hagsmunum íbúa hreppsins, þegar horft er til framtíðar, og hreppsins sjálfs sem sveitarfélag.

Skal það nú rökstutt

Hreppurinn sjálfur hefur engar tekjur af virkjuninni, þar sem stöðvarhúsin verða austan megin árinna.

Tún og annað gróið land bændannafer undir lónin og stýflugarða

Náttúruperlur í og við ána munu hverfa og sveitin í heild og þá sérstaklega Þjórsárdalurinn missa aðdráttaraflið, sem ferðamenn sækjast eftir.

Malarnámur í ánni fara undir vatn, svo sem í Skeiðháholti.

Laxveiði í Þjórsá verður í hættu eða hverfur.

Varnarlína sauðfjárvarnanna um ána brestur, þar sem hún þornar upp á löngum köflum, og girðingar meðfram ánni munu ekki duga.

Orkan fer öll út úr héraðinu--og virðist nóg komið.

Slíkar aðfarir, og hér er lýst, mun valda mörgum íbúum hreppsins miklum sárindum, og það eru líka rök.

Þjórsá var áður ótemja, sem braut lönd bændanna, en upp úr 1985 var gert stórátak í að verja löndin og lagt til þess mikið fé.

Stóðu þar að hreppurinn, Landgræðslan, Landsvirkjun og bændurmir, En nú landbrot árinna stöðvað að kalla og áin rennur fram í flúðum og fossum, lygn og hljóðlát með sinni margvislegu fegurð.

Enginn íbúafundur hefur verið haldinn í hreppnum, og fólki gefinn kostur á, að heyra rök hreppsnefndar fyrir því, að leyfa virkjanir þessar, og það því ekki getað látið skoðanir sínar í ljós á íbúafingi. Íbúafundur verður ekki haldinn úr þessu áður en kærufrestur rennur út.

Þetta er að mínum dómi slæm stjórnsýsla.


Vorsabæ 3, 22. febrúar 2007

Jón Eiríksson

Jón Eiríksson.

Sandlæk II, 27.febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni



Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við ábúendur á Sandlæk II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

- Okkur þykir ótækt að virkja neðri hluta Þjórsár til að álvæða landið frekar.
- Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn.
- Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Við sættum okkur ekki við það.
Hagaey og Árnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpshólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.
- Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.
- Hætt er við að stoðum verði kippt undan ferðaþjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta.
- Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða.

- Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur árniðurinn verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra.
- Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.
- **Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.**
- Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.
- Við viljum að sveitin sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir þessum stórfamkvæmdum. Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við áskiljum okkur rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn.


Óskum eftir því að sveitarstjórn afli traustra og nákvæmra upplýsinga um allt það sem er óljóst, svo sem grunnvatnsstöðu og varnargarða, án þeirra gagna er ekki hægt að taka ábyrga ákvörðun í málinu.

Óskum eftir því að við fáum að tjá okkur um athugasemdir og önnur gögn sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins og einnig gögn sem sveitarstjórn kann að afla sjálfstætt.

Virðingarfyllt

Helga Kolbunsdóttir 221174-4969
 Wjke Einarsson 140668-3899

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni



26. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn.

Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sínum í göng eða skurði, eða í hana verða settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Við sættum okkur ekki við það. Hagaey og Árnesey verður sökkt að hluta. Minna-Núpsbólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Anddyri Þjórsárdals verður sökkt.

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu.

Hætt er við að stoðum verði kippt undan ferðaþjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta.

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða.

Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur áriðurinn verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra.

Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Við viljum að sveitin sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir þessum stórfamkvæmdum.

Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Nafn:

Heimili:

Kt.

Guiseð Guðmundsson, Víðihvammur 18 Kóp., 3004482089
Halca Þorvaldsdóttir, Víðihvammur 18 290852-3909